



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance

Starfsskýrsla 2009–2010

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2009-2010

Aðalfundur
25. september 2010
haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar

Efnisyfirlit

Samhugur í verki	3	<i>Íslenskir styrktarforeldrar</i>	23
Verkefni innanlands	4	Eþíópía	23
Innanlandsaðstoð	4	Malaví	27
Umsóknum fjölgar	4	Mósambík	30
Ný samsetning umsækjendahóps	4	Úganda	30
Meira vægi ráðgjafar	4	Neyðaraðstoð	32
Breytingar og aðlögun	7	Norður-Úganda	32
Lyf og lækniskostnaður	7	Indland	32
Framtíðarsjóður – unga fólkið	7	Haití	32
Velferð barna	8	Eþíópía	32
Jólaaðstoð	8	Alheimsnet ACT	33
Velferðarvakt	8	Fræðslu- og kynningarmál	33
Rannsóknir	8	Fréttablaðið Margt smátt	33
Fundir og kynningar	9	Heimsóknir til hópa	33
Breytendur – Changemaker	9	Ljósmyndasýningar	33
Herferð gegn hlýnun jarðar	9	Fair Trade	33
Breytendur á loftslagsráðstefnu	10	Erlent samstarf	34
Taka þátt í kennslu – standa fyrir kynningu	10	Framkvæmdastjórafundur	34
Trumbusláttur fyrir sanngjörnum viðskiptum	11	Safnanir og fjáröflun	34
Samstarf og fundir	11	Fermingarbarnasöfnun 2009	34
Samráðsvettvangur frjálsra félagasamtaka í þróunaraðstoð	11	Jólasöfnun 2009	34
Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins	12	Páskasöfnun fyrir Haití 2010	34
Aðilar að Almannaheillum	12	Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is	34
Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur	12	Friðarljós	35
Fulltrúaráðsfundur	12	Sóknir	35
Þróunarstarf	13	Félög, samtök og fyrirtæki	35
Indland	13	Einstaklingar og hópar	35
Mannréttindasamtökin Social Action Movement	13	Aðrar fjáröflunarleiðir	35
<i>Forskólar</i>	13	Fjármál	36
<i>Betra líf í Arpakkam</i>	14	Söfnunarfé og útgjöld	36
<i>Þrælabörn leyst úr ánaud</i>	15	Framlög til verkefna	36
<i>Kvöldskólar</i>	15	Um stofnunina	37
<i>Námskeið og uppákomur</i>	16	Skipulag, stjórn og starfsfólk	37
<i>Blue Moon Day – einn frídagur í mánuði</i>	16	Ný stefnumótun	37
<i>Barnaþing</i>	16	Fulltrúaráð og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar	38
<i>Fræðsla og menning</i>	17		
<i>Tækni og færni</i>	17		
<i>Opinn háskóli</i>	17		
<i>Verkalýðsfélög SAM</i>	18		
<i>Umhverfisvernd</i>	21		
Sameinaða indverska kirkjan	22		
<i>Skólar og heimavist</i>	22		

Samhugur í verki

Á erfiðum tímum hefur íslenska þjóðin margsinnis sýnt samhug og samkennd. Þegar á reynir stöndum við saman, réttum hvert öðru hjálparhönd og leggjum okkar af mörkum. Þetta kom glöggt í ljós eftir snjóflóðin miklu á Vestfjörðum í lok síðustu aldar. En náungakærleikurinn nær lengra en til þeirra er næst okkur standa. Þegar náttúruhamfarir hafa dunið á fjarlægum þjóðum og valdið ómældri neyð og hörmungum hafa landsmenn oft sýnt hug sinn í verki og lagt hjálparstarfi lið.

Efnahagshrunið á Íslandi hefur valdið mörgum einstaklingum, fjölskyldum og fyrirtækjum miklum búsigjum og margskonar erfiðleikum. Hrikt hefur í burðarstöðum þjóðfélagsins svo um munar og margir eiga um sárt að binda eftir að hafa misst vinnuna, húsnæði sitt og sparifé. Margir sem alltaf hafa getað séð fyrir sér og sínum kunna nú engin ráð önnur en að leita til hjálparstofnana eftir brýnustu nauðsynjum. Hafa það oft verið þung spor.

Sem betur fer hafa þó margir nóg til hnífs og skeiðar og eru tilbúnir til að leggja þeim lið sem búa við skort og sára fátækt. Samhugur í verki hefur birst í auknum framlögum til hjálparstarfa hér heima og að heiman. Einnig hefur fjöldi sjálfbóðaliða lagt hart að sér við úthlutun matvæla og fatnaðar. Mikil áhersla hefur verið lögð á vönduð vinnubrögð og fagmennsku í hjálparstarfinu bæði hér heima og erlendis. Það er hægt að fullyrða að starf Hjálparstarfs kirkjunnar hafi létt undir með mörgum og hjálpað fólki til sjálfshjálpar.

Undafarinn áratug hafa opinber framlög til þróunar- og neyðarhjálp aukist verulega og samstarf stjórnvalda og hjálparstofnana styrkst. Alþingi hefur samþykkt ný lög um þróunaraðstoð og settar hafa verið verklagsreglur um úthlutun til frjálsra félagasamtaka. Hjálparstarf kirkjunnar naut góðs af og fékk stuðning við æ fleiri verkefni, bæði þróunarverkefni og neyðarhjálp. En skjótt skipast veður í lofti. Nú er allt útlit fyrir að á næsta ári fái stofnunin engan opinberan stuðning við þróunarverkefni sín í Afríku vegna niðurskurðar á fjárlögum. Ljóst er að án stuðnings stjórnvalda verður ekki hægt að halda áfram á sömu braut þótt síðastliðin tvö ár hafi Hjálparstarfi kirkjunnar tekist að standa við allar sínar skuldbindingar – með dyggum stuðningi velunnara. Vonandi bíða betri tímar og óskandi að þjóðin komist sem fyrst upp úr þeim öldudal sem hún er nú stödd í.

Söfnuðir þjóðkirkjunnar hafa á starfsárinu lagt meira til hjálparstarfs á vegum kirkjunnar en nokkru sinni fyrr. Og það þrátt fyrir verulega lækkun sóknargjalda. Kirkjuyfirvöld hafa einnig stutt starfið dyggilega og gert Hjálparstarfinu kleift að takast á við aukin verkefni hér heima. Fyrir þetta ber að þakka. Einstaklingar, félagasamtök, sjálfbóðaliðar og fyrirtæki sem lagt hafa starfinu lið á liðnu starfsári eiga einnig miklar þakkir skildar. Án þess stuðnings hefði stofnuninni ekki tekist að sinna því mikla hjálparstarfi sem raun ber vitni.

*Jónas Þórir Þórisson
framkvæmdastjóri*



Verkefni innanlands

Innanlandsaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar veitir neyðarðastoð innanlands sem felst í ráðgjöf, matargjöfum, fataúthlutun, styrkjum ýmiskonar vegna lyfja, barna, náms og annars. Frá því kreppan skall á haustið 2008 snarfjölgaði umsóknum um aðstoð og samsetning umsækjendahópsins varð önnur. Innanlandsaðstoðin tók miklum breytingum. Annar félagsráðgjafi var ráðinn, sjálfbodaliðum í matarbúr og fataflokkun var fjölgað mikið. Skráning var bætt til að halda utan um breytingar á umbrotatímum, úthlutanarreglur lagaðar að aðstæðum og innihaldi matarpakka breytt til samræmis við auknar þarfir. Samstarf við stjórnvöld, bæjarfélög, kirkjur og aðrar stofnanir jókst. Starf innanlandsdeildar 2009-2010 einkenndist því af auknu starfi og mikilli aðlögun.

Umsóknum fjölgar

Á árinu voru afgreiddar 5.074 umsóknir í 11.753 úthlutunum. Á grunni einnar umsóknar getur hver og einn fengið úthlutað í nokkur skipti samkvæmt reglum. Sú fjölgun umsókna sem hófst á síðasta starfsári hélt áfram í ár. Í janúar 2010 leituðu yfir eitt þúsund fjölskyldur til stofnunarinnar. Ljóst varð að stofnunin myndi ekki ráða við slíkan fjölda til langframa hvorki faglega né fjárhagslega. Endurskoða þurfti vinnulag. Niðurstaðan varð sú að biðja alla sem til stofnunarinnar leituðu um að skila inn gögnum um tekjur og útgjöld. Þannig var hægt að sjá hvert ráðstöfunarfé viðkomandi væri að greiddum öllum reikningum og hvort það dygði til framfærslu. Ákveðið var að miða við framfærsluupphæð Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna varðandi ákvörðun um hver fengi aðstoð. Með þessum breytingum kom í ljós að sumir umsækjendur voru yfir þessum mörkum. En um leið var ljóst að nokkur hópur átti ekkert eftir þegar reikningar voru greiddir.


Ný samsetning umsækjendahóps

Auk mikillar fjölgunar umsækjenda breyttist samsetning hópsins. Áður voru öryrkjar hlutfallslega stærsti hópurinn eða um 60%. Hlutfall þeirra var á starfsárinu 39%. Atvinnulausum fjölgaði aftur á móti mikið og eru þeir nú 27% umsækjenda. Hópurinn hefur yngst og mest fjölgun orðið í aldurshópnum 20-39. eru þetta barnafjölskyldur og fólk með dýrar fjárfestingar og mikla greiðsluþyrði.


Meira vægi ráðgjafar

Hlutur ráðgjafar í aðstoð stofnunarinnar jókst verulega. Mikill tími fór í að kenna fólki að nýta úrræði sem í boði voru. Leiðbeina þurfti um hvernig vinnumiðlanir starfa, hvernig ætti að sækja um vinnu og síðast en ekki síst að hvetja atvinnulausa til að vera virkir, láta eitt leiða af öðru. Mikilvægt var að fylgjast vel með nýjum úrræðum og samstarf við félagasamtök og stofnanir jókst. Fólk öðlaðist skilning á breyttum reglum, áttaði sig á því


Fjöldi einstaklinga á bak við afgreiðslur milli starfsára




Hlutfall nýrskráðra eftir aldri




Breyting á aldurshópum milli starfsára (hlutfall)




Framfærsla umsækjenda 2009/2010



Fjöldi afgreiðslna miðað við barnafjölda umsækjenda



Hlutfall afgreiðslna til einstæðra foreldra milli starfsára



að stofnunin þyrfti að skipta því sem hún hafði til ráðstöfunar milli fleiri umsækjenda. Þegar frá leið varð fólk þakklátara fyrir veitta aðstoð. Var það starfsmönnum styrkur að finna að aðstoðin skipti fólk máli. Var greinilegt að óvissan í samfélaginu hafði áhrif á daglegt líf þeirra sem leita til Hjálparstarfsins. Mun fleiri leituðu eftir félagslegri ráðgjöf, leiðbeiningum og stuðningi og ekki í öllum tilfellum eftir mat.

Breytingar og aðlögun

Á árinu hefur átt sér stað innan stofnunarinnar sífellt mat á því hvernig fjármunum yrði best varið. Ákvarðanir um breytingar, stórar og smáar, voru teknar eftir því sem þörfin birtist í viðtölum, í biðstofu og í matarbúri. Almennt varð kreppan til þess að aðstoð varð breiðari og umfangsmeiri. Þó var ákveðið að áhersla skyldi áfram vera á það að hjálpa fólki að halda heimili, að það gæti eldað heima og stutt börn sín til skólagöngu og tómstunda þannig að þau myndu sem minnst fyrir kreppunni. Enn fremur var ákveðið að styrkja barnafjölskyldur með því að hafa bleyjur og barnamat sem hluta af mataraðstoð en það hafði ekki verið. Fylgst var með verðhækkunum þannig að með matarpökkunum væri hægt að bæta fólki upp það sem hækkaði mikið í verði. Eftirspurn eftir fötum jókst einnig mikið. Til að mæta því var ákveðið að hafa einn fastan fataúthlutunardag í viku. Sjálfboðaliðar unnu þar öflugt starf. Reglur voru settar um hversu mikið væri hægt að fá og hve oft mætti koma. Í hverri viku komu frá 13 og upp í 20 fjölskyldur og fengu föt á sig og fjölskylduna. Kostnaður vegna aðstoðar við lyfjakaup jókst verulega. Tilfellum fjölgaði þar sem þurfti að hjálpa fólki að greiða orkureikninga og nauðsynjar aðrar en matvæli. Þau voru þó uppistaða aðstoðarinnar.

Lyf og læknskostnaður

Eins og undanfarin ár hefur stofnunin átt samstarf við Reykjavíkurdéild Rauða krossins um lyfjaaðstoð í Reykjavík. Samfara aukinni eftirspurn hækkðu mörg lyf í verði. Stofnunin hafði ekki bolmagn til að svara öllum umsóknum enda margir sem sóttu um aftur og aftur. Var farin sú leið að hjálpa fleirum en sjaldnar. Varkárni var gætt í því hvaða lyf voru greidd til þess að koma í veg fyrir að fólk leysti út lyf sem það hugðist endurselja. Öll lyf voru greidd beint í lyfjaverslanir. Umdeilanlegt er hversu langt stofnun eins og Hjálparstarf kirkjunnar á að sinna þessum þætti sem ætti að vera verkefni hins opinbera. Fjölgar tilfellum þar sem lækna og fagfólk á sjúkrahúsum bendir á stofnunina til að aðstoða við lyfjakaup svo hægt sé að útskrifa fólk.

Framtíðarsjóður – unga fólk

Framlögum úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfsins fjölgaði á árinu. 81 ungmenni úr 13 sveitarfélögum fengu aðstoð vegna skólagjalda, bóka- og efniskostnaðar. Þrír fengu fartölvur þar sem þær voru skilyrði fyrir skólavist og aðstoð að var vegna gleraugnakaupa og læknskostnaðar. Samtals námu styrkir rétt rúmlega þremur milljónum króna. Frá fyrra ári fjölgaði um 35 ungmenni en upphæðin sem varið var úr sjóðnum fór úr einni milljón í þrjár. Skýringin er aukinn kostnaður við skólagöngu og það að aldrei fyrr hafa jafnmargir úr

Tækniskólanum fengið stuðning úr sjóðnum. Kostnaður við verknám er alla jafna meiri en við bóknám.

Velferð barna

Á starfsárinu var lögð enn meiri áhersla á velferð barna. Í fyrra fengu 68 börn stuðning en 162 í ár. Þau voru úr 110 fjölskyldum og 14 sveitarfélögum. Þau fengu stuðning vegna tómstunda, sumargjafa og sumarnám-skeiða. Velferðarsjóður barna styrkir þennan þátt. Auk þess varði stofnunin miklum fjármunum vegna skólabyrjunar 2009. Gjafabréfum í Office 1 verslanir var úthlutað um allt land. Andvirði þeirra nam um þremur milljónum en Office 1 styrkir þennan þátt verulega. Fleiri líknarfélög miðluðu framlögum um Hjálparstarfið til stuðnings börnum.

Jólaaðstoð

Eins og undanfarin jól átti Hjálparstarfið samstarf við Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Reykjavíkurdeild Rauða krossins um jólaaðstoð. 3.946 umsóknir voru afgreiddar um jólin til umsækjenda úr 54 sveitarfélögum um allt land. Samstarf var í fyrsta sinn við Rauða kross-deildir og mæðrastyrksnefndir í Hafnarfirði og Kópavogi. Hjálparstarfið hélt utan um skráningar hjá öllum aðilum til að koma í veg fyrir að sótt yrði um aðstoð á fleiri en einum stað. Deildirnar og nefndirnar afgreiddu svo umsóknir sem þeim bárust en Hjálparstarfið, Reykjavíkurdeild Rauða krossins og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur afgreiddu saman. Þessi tilraun tókst mjög vel en markmiðið var að nýta fjármuni sem best og geta hjálpað sem flestum. Um leið gætti nokkurrar samræmingar í aðstoðinni svo hún varð sambærilegri hvar sem var á landinu. Fjölmörg fyrirtæki lögðu jólaaðstoð lið og má nefna tvo aðila sérstaklega: EYKT byggingarfélag sem lánaði mjög hentugt húsnæði og Pokasjóð sem gaf gjafakort í verslanir sem standa að sjóðnum fyrir 40 milljónir króna.

Velferðarvakt

Velferðarvakt stjórnvalda er skipuð fagfólki úr ýmsum geirum sem vinnur náið með ólíkum hópum þjóðfélagsins. Aðalfélagsráðgjafi Hjálparstarfsins var áfram fulltrúi Biskupsstofu á vaktinni. Fór hann þar fyrir undirhópi Velferðarvaktarinnar um málefni þeirra verst settu. Hópurinn tók að sér að verða stýrihópur, ásamt starfsfólki úr félagsmálaráðuneytinu, vegna Evrópuárs um fátækt og félagslega einangrun. Vakti hann athygli á fátækt til dæmis með kvikmyndasýningu, morgunverðafundi og þjóðfundi. Þar ræddu saman um mögulegar lausnir þeir sem lifa við fátækt eða félagslega einangrun og ráðamenn og yfirmenn í velferðarþjónustu. Sjá má nánar um þetta á vefsíðunni <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin>. Aðalfélagsráðgjafi Hjálparstarfsins fundaði einnig reglulega með prófastdæmum og Reykjavíkurborg um stöðu mála.

Rannsóknir

Hjálparstarf kirkjunnar tók á starfsárinu þátt í tveimur rannsóknnum. Önnur var í samvinnu við félagsráðgjafa sem fékk styrk úr Evrópusjóði

vegna árs um fátækt og félagslega einangrun. Verkefni hennar var að vinna úr spurningalistum sem lagðir voru fyrir skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar í þrjú skipti, um viðbrögð þeirra við kreppunni. Hin rannsóknin var unnin með Háskóla Íslands og sneri að ungu fólki og framhaldsskólanámi. Markmiðið var að finna úr hvaða stuðning nemendur þyrftu til að þess að þeir hættu ekki námi. Niðurstaðna beggja rannsóknanna er að vænta á haustdögum 2010.

Fundir og kynningar

Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins og félagsráðgjafarnemi ásamt félagsráðgjöfum og nemum þeirra frá Fangelsismálastofnun, geðdeild Landspítala háskólasjúkrahúss og þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða héldu málþing um innflytjendur á jadrinum í íslensku samfélagi. Var það ætlað þeim sem vinna að málefnum innflytjenda. Tókst vel til og var vel mætt.

Töluvert hefur verið leitað til stofnunarinnar um tölfræðiupplýsingar um afkomu fólks og afdrif á krepputíma. Má þar nefna meðal annars líknarfélög, Rannsóknasetur Háskóla Íslands og sóknir. Upplýsingar frá Hjálparstarfinu lúta í einu og öllu skilyrðum Persónuverndar og engar upplýsingar eru rekjanlegar.

Breytendur – Changemaker

Breytendur – Changemaker á Íslandi, er ungliðahreyfing stofnuð að norskri fyrirmynd, undir hatti Hjálparstarfs kirkjunnar, fræðsludeildar kirkjunnar og Æskulýðssambands kirkjunnar í Reykjavík. Starfið er tilboð til þeirra sem vaxnir eru upp úr æskulýðsstarfi kirkjunnar og annarra á aldrinum 15-25 ára. Tilgangur hreyfingarinnar er að gera eitthvað í heimalandi hennar sem hefur áhrif til batnaðar í þróunarlöndum. Hún heldur úti heimasíðunni www.changemaker.is. Að minnsta kosti vikulegir fundir voru haldnir í vetur. Sumir voru undirbúningsfundir fyrir stærri viðburði, stundum var farið í leiki sem allir tengjast málefnum þróunarlanda. Haldnir voru dundfundir þar sem búnir voru til hlutir fyrir starfið, meðal annars bæklingar, skilti, borðar og bolir. Þess utan er starf úti um bæ og heim.

Herferð gegn hlýnun jarðar

Sumarið 2009 ráku Breytendur stærstu herferð sína til þessa undir yfirskriftinni „Hlýnun jarðar er mannréttindamál“. Með henni vildi hreyfingin vekja athygli á því að hlýnandi veðurfari fylgja náttúruhamfarir og umhverfisbreytingar sem valda því að stór landsvæði verða óbyggileg. Eyðimerkursvæði jarðarinnar stækka, sjávarborð fer hækkandi, öfgar í veðurfari verða sífellt meiri. Fjöldi fólks um allan heim þarf að flýja heimili sín. Þetta fólk hefur engin skilgreind réttindi hér á landi né annarsstaðar, eins og flóttafólki vegna stríðs eða pólitískra ofsókna eru tryggð. Breytendum finnst ekki sanngjarnt að fátækt fólk skuli neyðast til að yfirgefa heimili sín vegna áhrifa mengunar sem aðallega er til komin vegna



iðnaðar vestrænna ríkja, þar á meðal Íslands. Í ljósi ábyrgðar Íslands settu Breytendur fram eftirfarandi kröfur:

- Að stjórnvöld skilgreini stöðu flóttamanna undan hlýnun jarðar og viðbrögð Íslands við þeim sem kunna að leita hér hælis vegna hennar.
- Að Íslendingar taki sér stöðu meðal leiðandi þjóða í loftslagsmálum í Kaupmannahöfn í desember 2009.

Til að ná markmiðum sínum fóru félagar í Breytöndum óhefðbundnar leiðir. Þeir settu meðal annars upp eftirlíkingu af heimili í Bangladesh sem nú þegar stendur frammi fyrir hækkun sjávarborðs vegna hlýnunar. Heimilið var á floti í barnasundlaug á Austurvelli. Breytendur báðu fólk sem studdi kröfur þeirra að skrifa nafnið sitt – ekki á blað, heldur á íspinnaprik. Úr íspinnaprikunum bjuggu þau svo til líkan af hvirfilbyl sem er táknrænn fyrir hættuna sem að jörðinni steðjar. Hann afhentu þau umhverfisráðherra á Norræna loftslagsdeginum, 11. nóvember.

Breytendur á loftslagsráðstefnu

Tvær ungar konur í Breytöndum fóru til Kaupmannahafnar í desember 2009 í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þær tóku þátt í friðsamlegum aðgerðum með ungmennum frá Hjálparstarfi dönsku kirkjunnar til að vekja athygli á hlýnun jarðar í þróunarríkjum. Þær settu meðal annars upp vaðlaugargjöfninginn í nístingskulda á Vor Frue Plads og uppskáru nokkra athygli.

Taka þátt í kennslu – standa fyrir kynningu

Auk þess hafa Breytendur á starfsárinu tekið þátt í lífsleiknikennslu kirkjunnar í framhaldsskólum þar sem fjallað er um misrétti í heiminum. Þær hafa einnig farið í framhaldsskóla og víðar og kynnt Fairtrade – sanngjörn viðskipti og verkefni Hjálparstarfsins, sérstaklega á Indlandi. Þangað fór hópur Breytanda haustið 2008. Þau komu víða fram og kynntu starfið, meðal annars við útgáfu Kompáss-fræðsluefnisins hjá menntamálaráðuneytinu og á fjölmenningsdaginn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Breytendur stóðu fyrir sölu í Kolaportinu í október og desember til styrktar verkefnum Hjálparstarfsins á Indlandi. Fyrir jólin seldu þær friðarljós og gjafabréf á Laugaveginum. Samstarf við aðra æskulýðshópa hefur verið nokkuð, sérstaklega við hópinn í Nes Kirkju. Krakkarnir þar tóku að sér í samstarfi við Breytendur að gera stutt myndband sem sent var í norræna stuttmyndakeppni um hlýnun jarðar. Í febrúar 2010 fóru tvær stúlkur, fulltrúar, til Noregs til að taka þátt í „SNU“ landsmóti norsku Changemaker-hreyfingarinnar. Þar kynntu þær starf íslensku hreyfingarinnar og vöktu mikla athygli. Auk þess sátu þær fund alþjóðlegu Changemaker-hreyfingarinnar með fulltrúum frá Noregi, Finnlandi og Kenýa. Í júní fóru tveir fulltrúar á „Sumar-SNU“ og sátu annan fund um Alþjóðlegt samstarf Changemaker-hreyfinga.

Fyrsti aðalfundur – toppönd kosin

Fyrsti aðalfundur Breytanda var haldinn 23. janúar í safnaðarheimili Grensáskirkju. Voru sanngjörn viðskipti, Fairtrade, valin sem áherslumál-efni ársins 2010. Frumleg embættisheiti voru valin fyrstu kosnu stjórn Breytanda: **Toppönd** (formaður) – *Lilja Salóme Pétursdóttir*, **gargönd** (kynningarfulltrúi) – *Ólöf Rún Benediktsdóttir*, **ungamma** (nýliðunarfulltrúi) – *Guðrún Johnsen*, **Jóakim** (gjaldkeri) – *Heiðdís Ósk Leifsdóttir*, **Georg gírlausi** (heimasíðustjóri) – *Rakel Erna Skarphéðinsdóttir*, **Ripp, Rapp & Rupp** (myndasmiðir) – *Davíð Þór Þorsteinsson* og *Ísold Ellingsen Davíðsdóttir* og *húsöndin* (ritari) *Þorsteinn Valdimarsson*.

Breytendur héldu sitt annað árlega „Fjaðrafok“ í lok mars, helgarnámskeið með fræðslu og gamni fyrir nýja og eldri meðlimi. Að þessu sinni dvöldu endur í Skálholti í góðu yfirlæti, gerðu áætlanir fyrir sumarið, kynntu sér Fairtrade betur, létu hugann reika um skemmtilega gjörninga og luku ferðinni með óvæntu eldgosi.

Trumbusláttur fyrir sanngjörnum viðskiptum

Annan laugardag í maí hélt hreyfingin hátíðlegan Alþjóðadag sanngjarnra viðskipta annað árið í röð, líkt og gert var um allan heim. Markmiðið var að fjölga meðvituðum neytendum á Íslandi og þrýsta þannig á verslanir að auka fairtrade-vöruúrval. Settur var upp heljarinnar trumbuhringur á Austurvelli með aðstoð Stomphóps Íslands og Trumbuhrings Hlutverkasetursins. Bæklingum var dreift og vakti viðburðurinn nokkra athygli. Myndum var safnað af fólki sem sýndi andlit sitt gegnum gat á stóru tjaldi með Fairtrade-merkinu. Samtökin hyggjast nota myndirnar með yfirlýsingu í stað venjulegra undirskrifta, um að almenningur styðji sanngjörn viðskipti. Mun hreyfingin halda áfram þeirri vinnu út sumarið, safna stuðningsmyndum ásamt því að vera með skemmtilega gjörninga til að kynna Fairtrade-vottunina fyrir Íslendingum. Hana fá viðskiptaaðilar sem fylgja reglum um sanngjörn viðskipti.

Samstarf og fundir

Samráðsvettvangur frjálsra félagasamtaka í þróunaraðstoð

Fram í október 2009 leiddi Samband íslenskra kristniboðsfélaga samráðsvettvang áttá frjálsra félagasamtaka í þróunaraðstoð: ABC-barnahjálpar, Barnaheilla – Save the Children, Hjálparstarfsins, Rauða kross Íslands, Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SOS-barnaþorpa, UNICEF og UNIFEM. Þá tók SOS við. Til vettvangsins var boðað árið 2006 til að vinna að sameiginlegum málum. Í vetur var unnið með utanríkisráðuneytinu að verklagsreglum vegna styrkja frá því. Gegnsæi var ítrekað í ráðstöfun fjár utanríkisráðuneytisins og allri samvinnu. Ráðuneytið vann að því í vetur að skýra enn frekar allar línur í samskiptum við frjálsu félagasamtökin. Um vorið lagði ráðuneytið fram nýjar reglur og skilyrði fyrir fjármögnun verkefna. Hjálparstarfið fagnaði nýjum tillögum sem auðvelda

vinnuna. Mögulegar skattaávilnanir, stofnun sérstaks fjárlagaliðar fyrir framlög hins opinbera til þróunarmála í gegnum frjáls félagasamtök og fleira var einnig á dagskrá.

Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins

Hjálparstarf kirkjunnar er meðal 5 fulltrúa frjálsra félagasamtaka í þróunaraðstoð sem eiga sæti í 15 manna samstarfsráði um þróunaraðstoð á vegum utanríkisráðuneytisins. Skipað var í ráðið til árunna 2008-2013. Þar sitja einnig fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál. Samráðsvettvangur frjálsra félagasamtaka fékk tækifæri til að kynna þar starfsemi aðila sinna.

Aðilar að Almannaheillum

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Almannaheilla, regnhlífarsamtaka félaga sem vinna í þágu almennings. Auk þess starfaði verkefnastjóri Hjálparstarfsins í nefnd Almannaheilla um gerð siðareglna fyrir samtökin. Voru siðareglur Almannaheilla samþykktar í maí 2010 og beygja aðildarfélög sig undir þær.

Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur

Aðalfundur var haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju 26. september 2009. Vilborg Oddsdóttir umsjónarmaður innanlandsaðstoðar kynnti þróun hennar, áherslur stofnunarinnar og aukid samstarf. Við kreppuna dró úr framlögum til þróunarverkefna, ekki síst frá Þróunarsamvinnustofnun sem þurfti að draga verulega saman seglin. Mikil umræða spannst um hlutverk fulltrúa og hvaða þátt þeir gætu átt í að styrkja stofnunina á erfiðum tímum.

Fulltrúaráðsfundur

Á fulltrúaráðsfundi 6. mars 2010 í safnaðarheimili Grensáskirkju var stiklað á stóru í starfinu. Stjórnarmenn sem farið höfðu á vettvang verkefna sýndu myndir og sögðu frá ferðum sínum. Hrafnhildur Sigurðardóttir og Lóa Skarphéðinsdóttir fóru til Indlands í janúar og Gunnar Sigurðsson og Elínborg Sturludóttir til Malaví og Úganda í febrúar. Framkvæmdastjóri fór í báðar ferðirnar og verkefnastjóri til Afríku. Fjallað var um samdrátt í fjárframlögum hins opinbera til þróunarmála í gegnum frjáls félagasamtök. Síðustu samstarfssamningar Hjálparstarfsins og PSSÍ, um Eþíópíu og Malaví, renna út í árslok 2010. Hjálparstarfið mun þó reyna eins og hægt er að tryggja að stuðningur PSSÍ falli ekki alveg niður. Bjarni Gíslason upplýsingafulltrúi kynnti vinnu að nýrri stefnumótun til eins árs. Rifjaði hann upp markmið síðustu ára og reifaði árangur. Hjálpartrúum kom fram að auka þyrfti kynningu á verkefnum Hjálparstarfsins til muna og ná til fólks með það af hverju það ætti að velja Hjálparstarfið frekar en annað hjálparstarf. Fulltrúar voru ánægðir með samstarf Hjálparstarfsins við önnur félög um innanlandsaðstoð og fagleg vinnubrögð þar. Skipuleg skráning gerði Hjálparstarfinu kleift að koma fram með mikilvægar upplýsingar um stöðu þeirra verst settu í þjóðfélaginu.

Þróunarstarf

Indland

Hjálparstarf kirkjunnar styður tvönn samtök á Indlandi með tvíhliða samningum. 10,5 milljónum var varið til verkefna á vegum mannréttinda-samtakanna Social Action Movement í Tamil Nadu-fylki. 16,6 milljónir runnu til skólastarfs United Christian Church of India í Andhra Pradesh.

Mannréttindasamtökin Social Action Movement

Mannréttindasamtökin Social Action Movement (SAM) hafa unnið einstakt brautryðjendastarf meðal stéttlausra á Indlandi og verið fyrirmynd sambærilegum samtökum í Asíu. Starfið er fjölpætt, heildstætt og þaulhugsað og snýr að réttindabaráttu og menntun. Upphafsmáður samtakanna og leiðtogi hefur verið séra Martin, kaþólskur prestur. Í ferð framkvæmdastjóra og tveggja stjórnarmanna í janúar 2010 sagði séra Martin að sakir heilsu og nýrrar skipunar mála í biskupsdæmi sínu myndi hann láta af prestskap og draga úr þátttöku sinni í starfi SAM. Hann hefur tekið við skólastjórástöðu í Christ's College sem mun taka inn nemendur úr opnum háskóla SAM. Sá er smám saman að draga saman seglin. Séra Martin hefur viljað fá nýja leiðtoga inn í starfið en átt erfitt með að finna fólk sem veldur starfinu og endist í því. Ekki hefur verið nógu gott lag á rekstri SAM eftir því sem séra Martin hefur eftirlátið það öðrum í ríkari mæli. Hann, framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins og stjórnarmenn fóru í gegnum þau mál. Margt á sér eðlilegar skýringar. Starfið er lýjandi, krefst eldmóðs og getur á köflum verið hættulegt vegna hagsmuna svo margra að halda stéttlausum í þjónustu við sig. Það er rekið fyrir lítið fé og laun starfsmanna eru lág og eftirlaunakjör óviss. Engu að síður þurfa samtökin að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá áframhaldandi stuðning. Dregingin var upp listi yfir atriði sem færa þurfti til betri vegar. Skýrar kröfur og tímamörk voru sett fram.

Forskólar

Hjálparstarf kirkjunnar styður 10 forskóla hjá SAM. Börnin, 2-5 ára, eru börn þvottamanna eða afkomendur frumbyggja. Þeir eru allra lægst settir í samfélaginu. Tilgangur forskólanna er að vekja áhuga foreldra og barna á skólagöngu, að það verði eðlilegur hlutur að fara í skóla; veita undirbúning fyrir almenna skólagöngu; minnka líkur á brottfalli þessa hóps vegna lélegra aðstæðna; gefa börnum reglulegar máltíðir og kenna hreinlæti. Veturinn 2009-2010 voru 134 börn skráð í forskólana. Þá höfðu 54 úr fyrri árgangi verið tekin inn í almenna skóla og 41 nýtt barn komið inn. 128 börn fengu skólabúninga sem er mikið atriði. Bæði eiga börnin lítið af fótum og búningur er tákn þess að vera orðinn skólabarn með öllu sem því fylgir. Skólarnir voru búnir nýjum kennslugögnum og leikföngum enda mikið kennt í gegnum leik, söng og hlutverkaleiki. Farið var með forskólabörnin í skólaferðalag. Þau sáu dýr og léku sér í almenningsgarði. Þetta var mikil reynsla því börnin höfðu aldrei farið út fyrir sitt allra nánasta umhverfi. Mánaðarlegir fundir voru haldnir þar sem foreldrum er kennt að hugsa vel um börnin sín. Kennt var um gildi næringar og þess að veita



börnunum ástúð, umhyggju og öryggi. Sífelld þarf að hamra á gagnsemi skólagöngunnar því margir foreldrar sýta tekjumissinn þegar börnin hætta í vinnunni. Mæðurnar sem yfirleitt eru fleiri í foreldrahópnum sem mætir, læra á þessum fundum að leggja fyrir af litlum tekjum sínum. Þær fá upplýsingar um sjálfshjálparhópa SAM í sínu þorpi og þjónustu hins opinbera sem þær geta nýtt. Foreldrar eru fræddir um helstu smitleiðir sjúkdóma og nauðsyn hreinlætis, handþvotta og þrifa. Þeim er kennt að sjóða vatn til neyslu, bera sig eftir bólusetningum og gæta að velferð barnshafandi mæðra og dætra. Einnig er mikil áhersla lögð á að foreldrar selji ekki dætur sínar í hjónaband of ungar. Kennarar forskólanna funduðu mánaðarlega til að deila reynslu sinni, skipuleggja kennsluna og fá fyrirlestra um ýmislegt sem styrkir þá í starfi.

Betra líf í Arpakkam

Í fyrra stóð SAM fyrir því að flett var ofan af námueigendum í Arpakkam. Þeir höfðu ekki aðeins haft hundruð frumbyggjafjölskyldna í þrælavinnu hjá sér heldur höfðu þeir ekki haft tilskilin rekstrarleyfi í fjölda ára. Meðal aðgerða sem leiddu til þess að 30 námum var lokað, opnaði SAM forskóla fyrir þrælabornin á þessu svæði. Í byrjun árs 2010 var opnaður annar. Þá sækja nú um 60 börn. Eru þeir reknir með sama sniði og aðrir forskólar SAM. Fólkið er afar fákunnandi, hefur aldrei farið út fyrir þorpið, er feimíð og erfitt er að nálgast það. Til að opna huga þess fyrir skólagöngu og réttindabaráttu var farið með það í skoðunarferð. Börn og fullorðnir fóru með SAM til Chennai-borgar, í dýragarð og á ströndina. Það heillaðist af heiminum, fegurðinni og fjölbreytileikanum og undraðist allt sem það sá. Því fannst þau allt í einu vera fólk eins og annað fólk. Að kynnast svona öðrum veruleika varð þeim mikil hvatning og opnaði huga þeirra fyrir breytingum, meðal annars því að senda börn sín í forskólann. SAM stofnaði með þeim verkalyðsfélög sem hafa unnið að réttindum þeirra í vetur. Meðal annars hefur fólkið fengið það í gegn að bætt hefur verið úr götulýsingu í bænum og þar með öryggi. Annað baráttumál var að fá opinber nafn-/búsetuskírteini. Þau hjálpa handhöfum að sækja opinbera þjónustu. Um þessar mundir er verið að afgreiða fjölda skírteina. Kvinnanámskeið stéttarfélagans var haldið um skaðsemi áfengis- og munntóbaksneyslu, mikilvægi næringar fyrir barnshafandi konur og tengsl hreinlætis og heilsu. Frætt var um kynþroskaaldurinn og hættur samfara því að gifta stúlkur of snemma. Í ágúst 2009 var haldið námskeið fyrir ungmenni. Farið var yfir venjur í sambandi við giftingar svo sem heimanmund, að gifta stúlkur ekki of snemma og veitt ráðgjöf varðandi starfsmöguleika. Hvatning var þema dagsins. Í júlí og nóvember voru haldin mannréttindanámskeið fyrir um 50 manns í hvort skipti. Námufólkið lærði þar um nauðsyn þess að það berðist sjálft fyrir grundvallarmannréttindum, rétti til matar, klæða og skjóls. Fólkið þarf mikla hvatningu enda þarf hugrekki til að berjast við þær aðstæður sem fólkið býr við, aldalanga kúgun og útskúfun. Útskýrt var hvernig lánin sem vinnuveitendur bjóða fólki verða til þess að fólkið verð-

ur skuldbundið þeim og hvernig þeir greiða laun og reikna vexti til þess að fólkið losni aldrei. Fólkið var hvatt til samstöðu og samhjálp.

Prælabörn leyst úr ánauð

SAM segir barnaþrælkun hafa tíðkast frá ómunatíð á Indlandi og að í landi þeirra sé líklega mesti fjöldi ánauðugra barna í veröldinni. Samkvæmt nýrri könnun eru um 200 milljónir barna á Indlandi á aldrinum 6-14 ára og aðeins 120 milljónir í skóla. Sífelld lendi ný og ný börn í klónum á vinnuveitendum sem hneppa þau í þrældóm þrátt fyrir ýmis lögfest réttindi barna. Nú rekur SAM 11 kvöldskóla fyrir þrælabörn í og við borgina Kanchipuram. Í þá koma börn stéttlausra sem vinna langan vinnudag til að borga skuldir foreldra sinna. Þau kynnast öðrum í sömu sporum og læra um réttindi sín og samtakamáttinn. Þau eru búin undir skólagöngu í opinberum skólum því það er lokamarkmiðið; að borga skuld þeirra og koma þeim inn í almennt skólakerfi. Börnin eru yfirleitt um sex mánuði í kvöldskólanum að búa sig undir að losna úr vinnunni. Fæst hafa nokkurn tíma farið í skóla eða hafa hætt ung. Þau njóta engra mannréttinda og æskan er tekin frá þeim. Foreldrar hafa enga reynslu af skólum og þykir súrt að missa af tekjum barna sinna þótt litlar séu. Því þarf mikla fræðslu um gildi menntunar og mjög staðfasta eftirfylgni til þess að börnin hætti ekki fljótt í skólanum vegna nýrra lána foreldranna. Börnunum er kennt að spara til að eiga fyrir útgjöldum svo sem skólábókum. Hver kvöldskóli heldur utan um sparnað sinna nemenda. Börnum sem hafa útskrifast frá SAM og komin eru í almenna skóla fyrir nokkru, er einnig gert kleift að spara. SAM heldur utan um sparnaðinn sem á að standa undir ritföngum og bókum. Eftir árs sparnað leggur SAM til mótframlag jafnhátt sparnaði hvers og eins. Þannig fengu 158 börn stuðning á síðasta starfsári.

Kvöldskólar

Í vetur sóttu 420 börn kvöldskólana 11. Það voru 225 strákar og 195 stelpur. Af þeim voru 64 börn tekin inn í vetur. Í vor voru 49 börn skráð í almenna skóla. Unnið er með börnum og foreldrum til að tryggja varanlegan árangur. Mikil er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd barnanna og rækta góða eiginleika þeirra. Þau eru þjálfuð í því að koma skoðunum sínum á framfæri, takast á við erfiðleika og berjast fyrir réttindum sínum. Foreldrum er hjálpað til að auka tekjur sínar svo þeir þurfi ekki að treysta á þá litlu viðbót sem laun þrælabarna geta verið. SAM veitir foreldrum allra sem komið hafa inn í kerfi SAM margvíslegan stuðning. Margt getur komið upp á sem veldur því að börnin hætta í kvöldskólanum eða almennum skóla. Starfsfólk SAM fylgist reglulega með námsárangri þeirra og líðan í skólanum. Í vetur hættu 5 nemendur vegna þess að þeir áttu ekki fyrir bókum. Fundin var lausn á því og þeir fóru aftur í skólann. Alltaf eru þó einhverjir sem ekki treysta sér til að stunda skólann og fara aftur að vinna. Á þriggja mánaða fresti er svo haldinn fundur með öllum börnum sem leyst hafa verið frá upphafi. Þeim er skipt í hópa og fá þau þannig stuðning

hvert annars og leiðsögn fullorðinna. Kvöldskólakennarar funda reglulega og fengnir eru fyrirlesarar til að efla þá í starfi.

Námskeið og uppákomur

Í vetur var nýtt námsefni kynnt í kvöldskólunum: *Þekktu sjálfan þig*. Börnin lærðu að greina eigin stöðu og fjölskyldu sinnar og lærðu leiðir til að takast á við hana. Í apríl fóru um hundrað börn í kröfugöngu gegn barnaþrælkun. Þau hengdu upp veggspjöld og hrópuðu slagorð. Tiltækið vakti athygli almennings en mikilvægt er að vekja alla til umhugsunar um vandann og skapa þrýsting á vinnuveitendur. Fjögurra daga námskeið fyrir þrælabörn var haldið í maí. Þar sáu þau bíómyndir, sungu baráttusöngva, lærðu meiri ensku og tamilsku, léku sér og kepptu sín á milli. Veitt voru verðlaun, hollur og góður matur borinn fram og á allan hátt reynt að veita börnunum góðar stundir.

Blue Moon Day – einn frídagur í mánuði

Í hverjum mánuði er haldinn opinn fundur fyrir þrælabörn þar sem reynt er að ná til nýrra barna. Stílað er inn á eina frídag barnanna í mánuði. Í kjölfarið geta börnin skráð sig í kvöldskóla og hafið ferlið að frelsinu. Þarna kynnast börnin öðrum í sömu stöðu. Þau fræðast um rétt sinn og þeim opnast tækifæri til að losna úr ánaudinni.

Barnaþing

SAM var fyrst samtaka til að hrinda í framkvæmd barnaþingum. Síðan hafa starfsmenn SAM þjálfað önnur samtök til að koma sínum eigin á fót. Barnaþing, að fyrirmynd SAM, hlaupa á hundruðum. Þar læra börnin hvernig lýðræðisþjóðfélag virkar og þau mótast sem framtíðarleiðtogar. Þau eru þingmenn og kjósa sér ráðherra og fjalla vikulega um hagsmunamál sín á skipulegan hátt. Þau læra að setja saman skýrslur og flytja mál fyrir hópi hlustenda. Þau senda fulltrúa á héraðsþing barna. Á þessu starfsári voru haldin 22 námskeið sem 1.204 börn sóttu. 14 þeirra voru um skipulag og starfsemi héraðsþinga. Þau stuðla að því að börn víða að kynnist, börnin fái aukna ábyrgð og læri að takast á við mál sem ekki fá úrlausn á þorpsstjórnarstigi. Fjögur námskeið voru haldin um grunnstarfsemi barnaþinga enda mikil nýliðun. Fimm námskeið voru um lög um rétt fólks til upplýsinga, eitt um lög sem snerta öryggi barna og eitt um ræðumennsku og námstækni. Á öllum námskeiðum er farið í réttindi barna eins og þau birtast í samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Lögð er megináhersla á að fá að alast upp í öryggi, í andrúmslofti skilnings, friðar og mannelsku án mismununar. Farið er í vernd gegn vanrækslu, grimmd, ofbeldi og þrælkun og rétt barna til ókeypis skólagöngu. Fræðslu um þetta er einnig miðlað út í samfélagið. Markmið sem þingin unnu að hvert fyrir sig og náðust á starfsárinu voru meðal annars að fá frárennslum lokað og þau komu í veg fyrir eitt barnabruðkaup. SAM rekur mikinn áróður gegn því að stúlkur séu giftar of snemma. Sjúkrakössum var komið upp og tveimur ruslafötum í einum skóla. Tvö klósett voru sett upp við annan skóla. Tókst

Það fyrir harðfylgi barnanna og veggur var gerður um lóðina. Börnin fóru í göngu um eitt þorpið til þess að vekja athygli almennings á einkennum og vörnum gegn svínaflensu. Börn í einu þorpinu höfðu upp á 10 börnum sem voru í þrælavinnu og komu þeim í samband við SAM. Eitt barnaþing-ið lagði til af sparifé sínu svo drengur úr þorpinu gæti farið í aðgerð vegna fótbrots. Annað þing skrifaði utanríkisráðherra og forsætisráðherra bréf þar sem þess var krafist að stríðið á Sri Lanka yrði samstundis stöðvað og saklausu fólki þyrmt. Ritnefnd barnaþinganna gefur út mánaðarlegt tímarit með sögum, ritgerðum, teikningum, fræðslu og brandörum sem börnin senda inn til blaðsins. Því er dreift til allra barnaþingmanna SAM.

Fræðsla og menning

Námskeið í að miðla upplýsingum í gegnum leiklist og söng var haldið fyrir 25 börn. Þau æfðu, hvert með sínum hópi, leikrit og söngva sem þau sýndu á menningarkvöldum á sínu svæði. Þau fjölluðu mest um hættur samfara barnabruðkaupum og böll barnaþrælkunar. Þessi miðlunaraðferð hentar sérstaklega vel áhorfendum sem eru ólæsir. Barnadagurinn var haldinn hátíðlegur 14. nóvember með ræðukeppni, ljóðaflutningi, dönsu og fleiru. Við öll möguleg tækifæri eru fengnir gestir, núverandi eða fyrrverandi opinberir starfsmenn eða aðrir framámenn, til veita verðlaun og flytja ávörp. Um leið kynnst þeir ömurlegum kjörum barnanna og starfi SAM. Alþjóðlegur dagur hjálparstarfs var haldinn hátíðlegur. Börnin fengu fræðslu um neyð af völdum loftslagsbreytinga, örbirgðar, fjárhagskreppu og fæðuskorts, vatns- og orkusorts og mannfjölgunar. Á mannréttindadaginn 10. desember lét SAM prenta 500 veggspjöld sem börnin dreifðu um Kanchipuram-borg til að vekja athygli á illri meðferð á börnum. Frumbyggjar og aðrir stéttlausir sem sameinast hafa undir merkjum SAM nýttu daginn til að berjast fyrir sínum hagsmunum eins og að fá byggingarlóð, fá rafmagn og nafnskírteini.

Tækni og færni

SAM hefur alltaf staðið fyrir starfsnámi. Í vetur sóttu 43, bæði strákar og stelpur, vélritunarnámskeið. Góð færni í vélritun eykur líkur á skrifstofustarfi. Einnig var boðið upp á 6 mánaða námskeið í tölvunotkun fyrir 15 nemendur. Einu sinni í mánuði eru starfsmöguleikar ræddir, fyrirtæki í bænum kynnt og hvaða störf geti mögulega verið í boði að námi loknu. Einnig fá nemendur hjálp við að finna önnur námskeið sem gætu hjálpað þeim á leiðarenda. Kanchipuram er að vaxa sem iðnaðarbær og nóg er af störfum.

Opinn háskóli

SAM rekur opin háskóla til að mæta þörfum nemenda sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi eða hafa ekki efni á almennu háskólanámi. Starfsemi hans er þó að dragast saman. En samstarf er við foreldra því mikilvægt er að kynna þeim skólastarfið og möguleikana sem opnast stundi börn þeirra námið af kappi. 34 nemendur sóttu skólann í vetur. Mikil áhersla er á að styrkja sjálfstraust nemenda. Við upphaf skólaársins var haldin þriggja daga

kynning á skólastarfinu, starfsfólki og aðstöðu og efnt til kynna milli nemenda með leikjum og æfingum. Flest eru óframfærin enda hafa þau mótast af lágrí stöðu sinni í samfélaginu og vön því að halda sig í bakgrunni. Hagnýtt nám með atvinnuöryggi framundan er í hávegum. Boðið er upp á eins árs nám í umbroti á tölvu. Það sóttu 15 nemendur í vetur, 8 strákar og 7 stelpur. Námið er í samvinnu við Tamil Nadu Opna háskólann sem styrkir gæði námsins. 4 nemendur tóku vélritun og tölvunotkun á eins árs námsbraut, 2 stúlkur og 2 piltar. Klæðskeranám stunduðu 15 ungmenni, 2 stúlkur og 13 drengir. Einnig er boðið upp á styttra nám, til dæmis ökunám. 11 luku því með réttindum á vélhjól og bíla. Til að mæta þörfum enn annarra var boðið upp á námskeið í að gera skartgrip og ýmsar skreytingar til sölu. Í skólanum eru allir hvattir til að vera með í bókmennta-klúbbum bæði á ensku og tamíl. Þjálfað er í að lesa bækur og fréttir og afla sér upplýsinga á bókasafni og í gegnum netið. Sjálfstyrkingarnámskeið eru haldin reglulega. Nemendum er kennt að takast á við mistök og læra af þeim, setja sér markmið, þekkja og bregðast við álagi, takast á við feimni, skipleggja tíma sinn og margt fleira. Þetta er grundvallaratriði fyrir þennan undirokaða þjóðfélagshóp. Ýmsir alþjóðlegir baráttudagar eru haldnir hátíðlegir og tækifærin þannig nýtt til fræðslu og til að setja þennan útskýfða hóp nemenda í stærra samhengi. Einnig eru oft haldin eins til nokkurra daga námskeið um afmörkuð efni. Gjarnan eru fengnir utanaðkomandi ræðumenn en hvatning þeirra er nemendum mikils virði. Fyrir nokkrum árum var komið á samstarfi við fyrirtæki á svæðinu um að þau tækju nemendur í vinnu að námi loknu. Þau hafa einnig komið með innlegg í nám sem snýr að þeirra sviði. Það verður svo lykill að því að nemendur fái þar vinnu. Þetta gefst alltaf betur og betur og nú fengu 19 nemendur vinnu hjá Ford-verksmiðjunni, Pepsi, hjá samskiptafyrirtæki við skiltagerð í tölvum og í fataverksmiðju. Fjórir nemendur fengu vinnu hjá hugbúnaðarfyrirtæki.

Verkalýðsfélög SAM – félag kvenna, frumbyggja og þvottamanna

Grunnur að sjálfbærni þess starfs sem SAM rekur er þjálfunin sem fólkið fær til að berjast sjálft fyrir réttindum sínum. SAM hefur stofnað stéttarfélag í nokkrum hefðbundnum atvinnugreinum stéttlausra. Þeir hafa farið varhluta af réttindum sem hið opinbera tryggir aðeins þeim sem tilheyra stéttarfélagum. Enginn hefur haft áhuga á að fræða hina stéttlausu um tilgang slíkra félaga, hvað þá haft hag af því að stofna til þeirra. Vinnuveitendur treysta á vanþekkingu þeirra og sundrunu til að geta haldið þeim í vinnu á þrælakjörum. Fyrir tilstuðlan SAM er nú starfandi félag sykkurreyskurðarmanna sem er orðið svo öflugt að það er orðið alveg sjálfstætt. Undir væng SAM starfa stéttarfélag kvenna, frumbyggja og þvottamanna.

Stéttarfélag kvenna

Fjögur námskeið voru haldin í vetur, ýmist fyrir leiðtoga eða almenna félagsmenn. Mannréttindanámskeið var haldið í ágúst fyrir 43 leiðtoga. Staða kvenna var þar skilgreind þannig að konur yrðu fyrir gríðarlegri

mismunun og misnotkun í indversku samfélagi. Þrátt fyrir ýmis lög þeim til verndar svo sem bann við brúðarbrennum, afnám heimanmundar og fleira hafa stjórnvöld ekki getað fylgt þeim eftir. Konur neyðast í hjónabönd, eru seldar í vændi, eru kynferðislega áreitnar hvort sem er í strætó eða á lögreglustöðvum. Þær fá lægri laun, ef nokkur önnur en matarafgangar, og útburður stúlkubarna er algengur. Taldi fyrirlesari að kosningaréttur kvenna tryggði þeim að þær væru að minnsta kosti í sumu tilliti virtar viðlits. En karlremba ætti stóra sök á stöðu þeirra. Hann taldi að meiri menntun bæði kvenna og karla myndi í tímans rás geta dregið úr órétti sem konur væru nú beittar. Einnig myndi aðgangur að ráðgjöf og heilsuvernd, ekki síst um barneignir, bæta stöðu kvenna. Í september var haldið námskeið um konur og velferðarkerfið. 53 leiðtogar stéttarfélagssins sóttu það. Farið var yfir opinbera félagsþjónustu, hvernig þyrfti að bera sig að til að njóta hennar. Tvö námskeið voru svo haldin í nóvember fyrir nýja félagar. Þau sóttu 119 konur. Fjöldi fyrirlesara kynnti ýmis mál. Margar konur fengu í kjölfarið styrki sem þær áttu rétt á frá ríkinu en höfðu ekki vitað um. Af aðgerðum og árangri má nefna að 50 konur tóku sig saman og lögðu undir sig ónotað land (leyfilegt að gefnum ákveðnum skilyrðum) og byggðu sér þar hús. Sama gerðu 50 aðrar konur á öðru svæði. 100 konur fengu vinnu í atvinnuátaki stjórnvalda, reyndar á afar lágum launum. Konur úr einu þorpi neituðu að borga vatnsskatt og fá nú vatn frítt. Einnig fengu þær loforð um að vatnstankur yrði settur upp í þorpinu. Síðasta námskeiðið var haldið í febrúar, fyrir 38 ungar konur, um mikilvægi þess að halda áfram í skóla. Var þeim meðal annars kynnt tilboð frá hinu opinbera þar sem stúlkur sem ljúka 10. bekk eða meiru og bíða til 18 ára aldurs með að gifta sig fá peningastyrk frá ríkinu. Er þetta eitt af mörgum tilboðum sem fátækasta fólkið hefur ekki vitað af en stéttarfélögin kynna fyrir þeim.

Stéttarfélag frumbyggja

Stéttarfélag frumbyggja hefur notið sérstaks stuðnings frá Eflingu – stéttarfélagi í tvö ár, frá upphafi árs 2008 til loka árs 2009. Efling hafði þá stutt samtökin í tvö ár nokkru fyrr. Stuðningurinn fólst einkum í þjálfunarnámskeiðum fyrir félagar og leiðtoga þeirra, þjálfun í námstækni fyrir nema úr hópi frumbyggja og öðru sem stykir þá í starfi og réttindabaráttu. Frumbyggjar eru ekki ósnertanlegir en útskúfaðir. Fótonum var kippt undan tilvist þeirra upp til fjalla þegar búseta þar var bönnuð. Þeir fluttust niður á sléttur en kunnu ekkert fyrir sér í lífsháttum þar. Þeim var hvorki séð fyrir menntun, húsnaði né öðrum réttindum til að koma sér af stað. Því var afar brýnt að SAM tæki upp málefni þeirra. Stéttarfélagið stóð fyrir námskeiði um mannréttindi sem 63 sóttu, karlar og konur. Þeir hafa um aldir lifað flökkulífi sem útilokar þá frá réttindum sem krefjast skráningar og fastrar búsetu. Námskeiðið var fyrst og fremst hvatning til að koma sér upp föstum samastað og þar með ýmsum réttindum. Mikilvægastur væri réttur til að byggja sér kofa á lóð sem er fest þeim og veitir þar með meira öryggi. Í öðru lagi veitir föst búseta rétt á búsetuskírteini sem meðal annars gefur afslátt á nauðsynjavörum. Annað áhersluatriði var menntun

barna. Fyrirlesari nefndi sjálfan sig sem dæmi um árangur sem náðst hefði vegna menntunar. Í hans ungdæmi, um miðjan 7. áratuginn, voru þeir frumbyggjar sem ekki mættu til vinnu bundnir við tré og barðir. Með aukinni þekkingu gat hann staðið á rétti sínum og komist áfram í lífinu. Þriðja áhersla námskeiðsins var á nauðsyn þess að vera í stéttarfélagi og að spara fyrir útgjöldum. Með sameiginlegum sparnaði myndast sjóður sem félagsmenn geta fengið lán úr á viðráðanlegum vöxtum. Félagið veitir fjárhagsráðgjöf. Lán hjá öðrum enda nær undantekningarlaust í skuldaánað. Öll námskeið miða einnig að því að efla fólkið til að standa á rétti sínum og þora að takast á við opinbera starfsmenn sem leggja stein í götu þeirra.

Sérnámskeið fyrir 43 ungar konur var haldið um hættur samfara giftingu á of ungum aldri. Algengt er að stúlkur séu giftar á aldrinum 12-15 ára. Fyrirlesarar voru fulltrúar frá opinberri skrifstofu um menntun sveitakvænna og frá frjálsum félagasamtökum. Einnig var farið yfir stöðu frumbyggja almennt, þrældóm, einangrun og virðingarleysi almennings í garð þeirra. Var það niðurstaða námskeiðsins að nauðsyn væri á miklu meiri umræðu í þorpunum, hengja þyrfti upp plaköt og standa fyrir fræðslu til kvænna og barna. Skólaskylda í reynd myndi einnig draga úr hættu á barnagiftingum og nýta þyrfti það sem væri í boði frá stjórnvöldum. Grípa þyrfti til aðgerða gegn þeim sem standa fyrir barnabruðkaupum. Hafa nú verið stofnaðir hópar í öllum þorpum félagsmanna sem munu fylgjast með og vinna gegn giftingu of ungra stúlkna.

Síðasta námskeiðið 2009 var svo mannréttindanámskeið fyrir unga karla sem 67 sóttu. Í fáfræði sinni hafa þeir engar leiðir haft til að breyta stöðu sinni. Aftur skipti mestu að fræða um nauðsyn menntunar. Farið var í stöðu frumbyggja og rétt sem þeir eiga að njóta samkvæmt stjórnarskrá en njóta ekki í reynd. Frætt var um almenn mannréttindi, vinnulöggjöf, giftingar á barnsaltri og allt það sem snertir daglegt líf fólksins og það hefur ekki hugmynd um að geti verið öðruvísi.

Stéttarfélag frumbyggja hefur náð ýmsum árangri á árinu. 172 nýir félagar skráðu sig. 15 þrælar voru leystir og fengu bætur frá ríkinu. 164 fengu nafn-/búsetuskírteini, 20 fjölskyldur fengu afsláttarkort fyrir nauðsynjum, 48 gátu keypt sér geitur fyrir styrk frá yfirvöldum og 11 fjölskyldur fengu húsnæði. Sex nemendur úr hópi þessara frumbyggja stunda framhalds- og háskólanám á opinberum styrkjum sem fengust í gegnum félagið.

Leiðtogar verkalýðsfélaganna fá reglulega þjálfun og fræðslu. Í vetur sóttu 40 leiðtogar kynningu á tryggingakerfi hins opinbera og rétt sem stendur félagsbundnu verkafólki til boða. Hvatt var til giftinga milli stétta sem áhrifaríkrar leiðar til að draga úr ofurafli stéttakerfisins. Stjórnvöld styðja það. Fyrir atbeina félagsins gat stúlka af æðri stétt gifst stéttlausum manni án þess að þau yrðu fyrir aðkasti samfélagsins. Er þetta í fyrsta sinn sem fólkið veit til, að brúðkaup hafi getað orðið í þessu samhengi. Stúlkan fékk þó ekki að hafa meira samband við fjölskyldu sína og hún var útilok-uð frá arfi.

2.000 manns, þar af 486 meðlimir í stéttarfélagi SAM fyrir frumbyggja,

mótmæltu seinagangi í útgáfu nafn-/búsetuskírteina, afhendingu byggingarlóða og fleiru fyrir frumbyggja. Mikill aðskilnaður ríkir milli stétta og frumbyggjar búa í sérþorpum sem auðvelt er að hunsa. Með kröfugöngu og útifundi við bæjarskrifstofur var þess krafist að skírteini sem höfðu verið þrjú ár í kerfinu yrðu afgreidd samstundis. Reglur segja að þau skuli afgreidd innan 15 daga. Þess var krafist að 600 fjölskyldur úr öllum þorpunum sem ættu fulltrúa í stéttarfélaginu og lagt höfðu inn beiðni fengju skírteini fljótt. Fundarfólk krafðist þess að frumbyggjar á svæðinu fengju allir afsláttarkort á nauðsynjum sem þeir ættu rétt á. Lögum samkvæmt eiga allir frumbyggjar rétt á lóð og vísuðu fundarmenn í þau og styrk sem þeim á að fylgja. Kröfðust þátttakendur þess að styrkurinn yrði tvöfaldaður. Þess var einnig krafist að allir frumbyggjar sem nú væru hnepptir í skuldaánaud út um allar sveitir væru leystir út og útvegud önnur störf. Einnig var þess krafist að frumbyggjar hefðu eðlileg tækifæri til að fá vinnu, eftir menntun og reynslu, en væri ekki hafnað fyrirfram vegna uppruna. Frumbyggjar vildu einnig eiga rétt á opinberum lánnum eins og aðrir. Fundurinn þótti takast vel. 250 fjölskyldur í einu þorpanna fengu í kjölfar hans nafn-/búsetuskírteini og skrifstofan lofaði að ganga fljótlega frá 100 í viðbót. Lítið – en framför engu að síður.

Stéttarfélag þvottamanna

Stéttarfélag þvottamanna hélt áfram að reka vélþvottahús með góðum árangri. Tveir starfsmenn sinna daglegum rekstri. Allir félagsmenn geta orðið meðeigendur. Fyrirtækið hefur orðið sér úti um samninga við hótél og skóla. Stofnun þess hefur gefið félagsmönnum innsýn í fyrirtækjarekstur, hefur sýnt dæmi um tækniframfarir í þeirra geira frá handþvottum í vélþvott. Allt þetta hefur aukið fólki þor að stefna hærra í lífinu.

Umhverfisvernd

Áin Palar hefur séð stórum hluta Tamil Nadu-fylkis fyrir vatni um aldir. Þar til fyrir um öld síðan var jafnt rennsli í ánni en hefur nú breyst þannig að mest er á tímum monsúnrigninga og mun minna annars. Það hefur opnað opinberum aðilum og einkafyrirtækjum tækifæri til sandnáms af botninum sem hefur haft alvarlegar afleiðingar. Vatn nær þá ekki að síga í gegnum sandinn og bindast jarðvegi heldur rennur stærri hluti þess burt til sjávar. Grunnvatnsborð hefur lækkað og sjór þrengt sér inn sem hefur eyðilagt jarðveg og gert vatn ódrykkjarhæft. Ofnotkun stórfyrirtækja í landbúnaði og gosdrykkjaframleiðenda hefur einnig dregið úr vatnsframboði. Bændur hafa misst vinnuna, afkomu fólks verið ógnað og mannréttindabrot framin til að vernda viðskiptahagsmuni. SAM hefur unnið gegn þessu með fræðslu í skólum og aðgerðum meðal almennings til að þrýsta á stjórnvöld. SAM starfar að þessu með þorpsbúum á svæðinu og öðrum hagsmunaaðilum.

Sameinaða indverska kirkjan

Skólar og heimavist

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India, í Andhra Pradesh-fylki hefur starfað í um aldarfjórðung að því að hjálpa fátæku fólki og börnum þeirra með skólastarfi á nokkrum stöðum, spítalarekstri og matargjöfum. Hjálparstarfið hefur stutt samtökin nær allan þann tíma með því að kosta börn í skóla og heimavist, með stuðningi við spítalann og kostað byggingar og viðhald. Hjálparstarfið er einn stærsti styrktaraðili samtakanna. Á þessu starfsári styrktu íslenskir stuðningsaðilar alls 464 börn í skólum UCCI. 414 börn voru styrkt til náms og dvalar á heimavist. Þar af voru 57 nemendur í framhaldsnámi. Auk þess voru 50 studd til skólagöngu en bjuggu heima. Hjálparstarfið greiðir hluta launa átta kennara til að hjálpa til við að halda í reynda kennara sem gætu freistast af betur launuðu starfi annars staðar. Börnin eiga öll sameiginlegt að hafa búið við algjöra örbirgð og mörg þekktja þrælavinnu í grjótnámum, á te húsum, við vefnað, á verkstæðum, í múrsteinagerð og fleiru við ómannúðlegar aðstæður. Flest börnin eru á Emmanúelskólanum í þorpinu Kethanakonda. Nokkur í Janet English Medium School, yngrideildaskóla á sama stað, þar sem kennt er á ensku. UCCI býður upp á tvö fyrstu ár framhaldsnáms á staðnum. Í gegnum samtökin er hægt að styðja ungmenni áfram til náms í öðrum skólum. Emmanúelskólann sækja alls um 700 heimavistarnemendur á aldrinum 5-17 ára. Skólinn er viðurkenndur og fylgir námsskrá fylkisins. 22 kennarar eru við skólann. Kennt er á telugu, máli héraðsins. Skólahús eru hreinleg með helsta skólabúnaði. Sérútbúnar stofur eru fyrir náttúru- og eðlisfræði. Lóð er snyrtileg með nægt rými til leikja. Á heimavistum sofa börnin í kojum eða á dýnum á gólfinu. Þau eiga hvert sinn kistil til að geyma eigur sínar. Vegna fjölgunar nemenda er heimavist drengja sprungin og sofa margir á veröndinni. Það er óviðunandi til lengri tíma. Rúm vantar og hefur verið beðið um stuðning vegna þess. Einnig þarf að stækka heimavist stúlkna og þar eru viðgerðir á döfni. Hjálparstarfið hefur ekki getað orðið við beiðni um viðbótarstuðning. Í skólanum fá börnin þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar af nauðsynlegum næringarefnum. Börnin matast sitjandi í beinum röðum á gólfinu og nota eigin disk sem þau þvo og gæta milli mála. Eftirlit er með heilsu barnanna á spítala samtakanna. Vari veikindi lengur en 3-4 daga eru börn þó send heim í umsjá foreldra sinna. Fá börnin send lyf með sér heim. Verði slys er hlúð að viðkomandi á spítala samtakanna en eftir það eru börn send heim meðan þau eru að ná sér að fullu. Þannig er sjúkrakostnaður að mestu greiddur. Börnin fá fatnað og skóladót á hverju ári. Tíu starfsmenn auk kennara eru við skólann til að sinna börnunum utan kennslu. Þeir kenna umgengni, hjálpa við heima-lærdóm og undirbúning fyrir próf, kenna um samfélagslegar skyldur og fleira. Þeir veita grunnráðgjöf og stuðning þótt ekki sé um faglega sálfræði- eða félagsráðgjöf að ræða. Mikið er um dans, söng, leiki og leiklist. Trúarlíf er áberandi við skólann, enda samtökin kristileg. Þó er haldið upp á ýmsar hátíðir hindúa og engin skilyrði eru um að börn gerist kristin í skólanum né er valið inn í skólann á forsendum trúar. Foreldrar koma og biðja um

skólavist fyrir börnin. Einnig sækja þorpsleiðtogar og aðrir um pláss fyrir hönd bágstaddra fjölskyldna.

Íslenskir styrktarforeldrar

Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna um framlög. Þetta er gert til þess að styrktaraðilar þurfi aldrei að ákveða hvort barn kemst í skóla og heldur ekki að horfa upp á að barnið verði sent heim þurfi þeir að hætta stuðningi. Þetta fyrirkomulag tryggir stöðugleika í skólagöngu barnanna. Í vetur var um 70 börnum óráðstafað til fósturforeldra og greiddi Hjálparstarfið því fyrir þau. Fósturforeldrar fá árlegar upplýsingar um námsárangur, nýja mynd og jólakveðju. Þeir geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eru þó fæst orðin svo góð í ensku að þau geti svarað frá eigin brjósti fyrr en þau eru orðnir unglingar. Síðasta haust stóð nokkuð á upplýsingum um nýja nemendur, prófárangur og annað. Að hluta er skýringin sú að ákveðinn fjöldi nemenda kemur ekki í skólann á tilsettum tíma heldur er að týnast inn fram eftir hausti. Verið er að vinna í því sem má bæta. En menntun býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra og ákvarðanir í lífinu sem munu hjálpa þeim til að lifa farsælla lífi en ella.

Eþíópía

Verkefni um tryggara lífsviðurværi hófst í Eþíópíu í nóvember 2007. Samningur um það gildir fram í desember 2010. Heildarframlag til verkefnisins nemur tæplega 1.220.000 USD og greiðir Hjálparstarfið 40% þess ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkir verkefnið um 60%. Samstarfs- og framkvæmdaraðili er Lútherska heimssambandið og eþíópíska evangelíska Mekane Yesuskirkjan. Verkefnið er unnið í Jijiga-héraði í 10 „kebeleum“ eða þorpsklösum en í hverju þeirra eru 2-3 þorp. Þetta er stærsta erlenda verkefni Hjálparstarfsins. Markmið eru fimm og snerta vatn, jarðrækt, réttindi kvenna, heilsufar og samvinnu við stjórnvöld.

1. Að tryggja íbúum aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skepnuhalds með því að grafa vatnsþrær og safna yfirborðsvatni.

Árið 2009 voru haldnir 100 samráðsfundir í öllum kebeleum með öllum sem koma að vatnsmálum í héraðinu: íbúum, opinberum starfsmönnum og starfsmönnum verkefnisins. Tilgangurinn var að skipuleggja vatnsöflun og virkja alla til samvinnu. Af fimm birkum eða þróum sem fólkið grefur til að safna í yfirborðsvatni, voru þrjár kláraðar árið 2009 og hálfnað verk með tvær. Vegna hagræðis við birkugerðina verður hægt að gera eina auka á árinu 2010. Hún verður í þorpi sem ekki tilheyrir verkefninu. Það dregur úr rígg og óvild sem getur skapast þegar sum þorp fá stuðning en ekki önnur. Enda munu, við lok tímabilsins, allir þorpsklasarnir hafa gert sér birku. 30 vatnsnefndarmenn fengu þjálfun í nýtingu vatnsauðlinda,



viðhaldi birkanna og hvernig eigi að halda þeim hreinum, tæma aursíur og fleira. Nefndir fengu verkfæri til vinnunnar og gátu jafnvel gert smærri birkur fyrir eigin reikning. 114 fundir voru haldnir um hreinlæti og sjúkdóma. Þar sem drykkjarvatn á þessu svæði er yfirborðsvatn var enn nokkuð um sjúkdóma. Þrátt fyrir aursíur, girðingar svo skepnur komist ekki að neysluvatni íbúa, sérstakan gróður sem vex ofan á vatnsfletinum til að skordýr sveimi þar síður og verpi, er vatnið ekki laust við sníkjudýr og bakteríur. Þess vegna selur verkefnið hreinsitöflur til að blanda í vatnið í gegnum vatnsnefndirnar og dýralæknaðiðana. Sífellt betur gengur að fá fólk til að nota þær. Á þessum 114 námskeiðum var farið í geymslu vatns og meðferð þess heima, mikilvægi handþvotta og hvar og hvers vegna ætti að staðsetja kamra.

2. Að styrkja landbúnað; jarð- og búffárrækt og vernda auðlindir.

Samráðsfundir íbúa, opinberra starfsmanna og starfsmanna verkefnisins um jarðrækt og skepnuhald voru 99 á árinu. Farið var yfir árstíðabundin verk. Þjónusta dýralæknaðiðana var metin, hindranir í starfi þeirra og mögulegar lausnir. Sjúkdómar og sníkjudýr eru helstu vandamálin og framleiðni er lág á svæðinu. Íbúar voru mjög áhugasamir og umhugað um að vinna að þróun þessa þáttar verkefnisins sem hefur þegar breytt miklu fyrir þá. Af 51 sem þjálfaðir hafa verið til dýralækninga störfuðu 46. Hinir höfðu ekki getað sinnt starfinu vegna veikinda eða annarra vandamála. Þar sem enginn dýralæknir starfar á svæðinu réðst verkefnið, í samvinnu við héraðsyfirvöld, í bólusetningarherferð. Yfirvöld kostuðu bóluefni, lyf og stuðning fagaðila við dýralæknaðiðana en verkefnið greiddi þeim dagpeninga og ferðakostnað. Í áttakinu voru tæplega 5.000 dýr meðhöndluð vegna ýmissa sjúkdóma og rúmlega 32.000 dýr voru bóluset.

Sex þrær til að brynna búfé voru gerðar 2009 og þrjár eru langt komnar 2010. Fræi af heppilegri tegundum en tíðkuðust var dreift til 160 bænda, sem stóðu sérlega höllum fæti, úr öllum 10 kebeleum. Þeir fengu lán fyrir fræunum og þegar þeir endurgreiða þau verður hægt að lána nýjum bændum fyrir sama magni. Þeir fengu einnig fræðslu og þjálfun. Fimm hópar bænda í fimm kebeleum fengu nýja gerð plóga sem eru sérhannaðir fyrir þurran jarðveg. Er það byrjun á verkefni sem verður víkkað út í öll kebele ef reynsla verður góð. Nýju plóganir lofa góðu. Þeir spara tíma, rista dýpra sem kemur sér vel því sáning þarf að vera aðeins dýpri á svæðinu til að fræin nái í raka. 104 bændur frá öllum kebeleum fengu kennslu um jarðrækt og skepnuhald. Þeir fengu með sér handbók til greiningar og meðferðar, með myndum af plöntum sem sýktar voru af því sem helst herjar á svæðið, myndum af heilbrigðum plöntum, skýringum og ráðum. Farið var yfir hvaða plöntur væri best að velja til sáningar eftir aðstæðum, jarðvegsundirbúning, jarðvegs- og vatnsvernd, verkfæranotkun og uppskeru og geymsluaðferðir. Nýjar þreskivélar fyrir maís voru keyptar sem breyttir miklu. Til að tryggja sjálfbærni þessa þáttar fengu 40 opinberir starfsmenn í þessum geira þjálfun í að kenna bændum og miðla dýrallyfjum. Starfsfólkið sýndi mikinn áhuga enda námskeiðið mjög vel sniðið að verkefnum þeirra.

Kennarar voru fagmenn tilnefndir af landbúnaðar- og þróunarráðuneytinu í Sómalí-héraði.

Haldnir voru 88 fundir með íbúum til að auka vitund um vernd og nýtingu jarðvegs og vatns og viðhald og endurnýjun gróðurs. Mikilvægast var að stuðla að viðhorfabreytingu og fá fólk til að láta af venjum sem skaða umhverfið. Tveir sérfræðingar verkefnisins og aðstoðarmaður frá héraðs-yfirvöldum héldu námskeið fyrir 50 bændur. Fjallað var um lífrænar og tæknilegar aðferðir meðal annars til að hefta jarðvegseyðingu. Í fjórum verst settu þorpaklösunum var unnið með íbúum að þrepagerð í landslaginu til að draga úr jarðvegseyðingu af völdum yfirborðsvatns. 30 bændur og tveir opinberir starfsmenn tóku þátt í þriggja daga vettvangsferð verkefnisins. Tilgangurinn var frekari fræðsla um ofangreint til dæmis um hvernig megi forðast að láta gil og skurði stækka af vatnavöxtum og bera burt jarðveg. Sjá mismunandi gerðir af áveitum og kynna bændum atvinnuskapandi möguleika fyrir konur.

3. Að styrkja efnahag og réttindi kvenna.

114 fræðslufundir voru haldnir til að vekja athygli á og viðhalda umræðu um skaðlegar hefðir í samfélaginu eins og umskurð stúlkna og HIV/alnæmi. Starfi um atvinnuskapandi aðgerðir fyrir kvennahópa sem stofnaðir voru í fyrra var fram haldið. 100 konur fengu þjálfun í að greina tækifæri til tekjuöflunar og meta þau. Þær lærðu um meðferð fjármuna og hvernig þær ættu að haga rekstri í því sem þær hugðust skapa sér tekjur af. Konurnar opna bankareikning og er litið á sparnað þeirra sem vilja í verki. Á móti sparnaði sínum fá þær mótframlag verkefnisins. Um er að ræða lán svo sjóðurinn verði sjálfbær og fleiri og fleiri geti nýtt sér hann. Flestar kvennanna keyptu skepnur til að fita og endurselja, aðrar keyptu matjurtafræ og sumar fengu lán til að kaupa og selja smávöru. Konurnar eru samábyrgar fyrir láni þótt hver og ein noti sinn hlut á mismunandi hátt. Vel er farið í þessa ábyrgð á námskeiðinu og endurgreiðslur hingað til lofa góðu. Starfsmenn héraðsskrifstofunnar um málefni kvenna koma að þessu verkefni. Það eykur þekkingu þeirra á kjörum og möguleikum þeirra fátækustu. Á hana hefur skort þrátt fyrir návígi. Annað markmið þessa þáttar er að þjálfa konur í heimilisrekstri. Tilgangurinn er að tryggja hreinlæti, betri næringu, betri heilsu, vernda ófrískar konur og ungbörn og hlúa að HIV-smituðum. Farið er í skipulag heimilisins, að halda því og umhverfi þess hreinu, farga rusli og fylla polla nálægt húsum en þeir eru kjörvarplendi skordýra. Konum er kennt að búa til heilsusamlegri mat úr því sem fæst á staðnum svo fólk fái öll næringarefni. Verkefnið styrkti deild héraðsskrifstofunnar sem sinnir málefnum kvenna um húsgögn.

4. Að bæta heilsu íbúa með sérstöku tilliti til HIV/alnæmis.

Þar sem HIV-smit og alnæmi er ekki bara heilsufarslegt vandamál heldur einnig félagslegt og efnahagslegt með afdrifaríkar afleiðingar var 41 opinberum starfsmanni héraðsskrifstofunnar boðið á fjögurra daga námskeið



um efnið. Aðgerðir gegn HIV/alnæmi hafa verið tvinnnaðar inn í alla mögulega þætti verkefnisins. En auk þess var gripið til sértækra aðgerða í vetur. Þar á meðal voru hengd upp 500 plaköt með hvatningu til ungmenna um að fara í HIV-próf. Á sama hátt var eldri kynslóðinni kynnt að umskurður stúlkna ætti sér enga stoð í íslam en sú trú fólksins hefur átt ríkastan þátt í að viðhalda þessari hefð með tilheyrandi smiti og sýkingum. Yfirsetukonur (Traditional Birth Attendants) sem þjálfaðar voru í fyrra fengu fjögurra daga upprifjunarnámskeið. Nái þær ekki ákveðnum stöðlum í vinnu halda þær ekki viðurkenningu hins opinbera og hafa þá ekki starfsleyfi. Farið var í það sem stuðlaði að öruggri fæðingu og hvaða ráðum yfirsetukonur, með sína þekkingu, geti beitt. Á árinu var lokið við heilsugæslustöð sem verkefnið byggði og tók ríkið að sér reksturinn.

5. Að efla leiðtoga og opinbera starfsmenn til að styrkja stöðu fátækra.

Reglulega eru haldnir fundir þar sem fólk er vakið til vitundar um mikilvæg mál og þeim gefið tækifæri til að ræða þau. Þeirra á meðal eru fátækt, orsök, afleiðingar og leiðir út úr henni. Einnig er rætt um HIV-smit og venjur sem stuðla að útbreiðslu svo sem þá að ekkjur skuli ganga til annarra manna í fjölskyldunni. Var fólk sammála um nauðsyn þess að fólk sem hygðist ganga í hjónaband þyrfti að fara í HIV-próf. Einnig þyrfti að sannfæra fólk um að HIV-sjúkir fyrirfyndust í samfélagi þeirra. Gestir sem báru sjúkdóminn voru fengnir til að segja frá vanda sem þeir standa frammi fyrir í samfélaginu. Sérfundir með íbúum voru haldnir um sum af mikilvægustu málunum eins og að stöðva umskurð stúlkna. Haldinn var tveggja daga fundur með 57 manns frá þorpunum, deildum héraðsskrifstofunnar um málefni kvenna, HIV-smitaðra, fulltrúum frá múslímaráðinu, Shaaria-dómstólnum og fleirum. Trúarleiðtogar sögðu þar skýrt frá því að umskurður stúlkna ætti sér enga stoð í trúarritum. Venjan væri skaðleg og frá henni þyrfti að hverfa. Einungis múslímskir trúarleiðtogar voru með á þessum fundi vegna þess að á þessu svæði er umskurður mestur meðal þeirra. En varðandi HIV-fræðslu er hurðin svo gott sem að stöfum. Umræða er mjög takmörkuð, oft byggð misskilningi og vanþekkingu. Til að reyna að opna umræðuna frekar er ætlunin að fá trúarleiðtoga fleiri trúarbragða inn í þessa umræðu með íbúum.

Sjö bændahópar voru stofnaðir á árinu um þróunarstarf. Stefnt var að 20 hópum en markmið náðist ekki. Áfram var unnið með 23 hópum sem stofnaðir voru í fyrra. Þeir taka svo þátt í stærra verkefni á vegum hins opinbera og nýta þekkingu sína þar.

Verkefnið gaf skrifstofu landbúnaðarmála héraðsins tvö vélhjól til að starfsmenn kæmust yfir sitt svæði. Skrifstofan lét annað til dýralæknastofu í einum fjarlægasta bænum frá Jijiga (65 km) og hitt til þess starfsmanns sem samhæfir vinnu að ólíkum verkefnum úti í héraði.

Sex sjálfboðaliðar í verkefninu voru þjálfaðir á tveimur tíu daga námskeiðum í lok árs 2009. Þeirra hlutverk er að halda dampi meðal fólksins þegar starfsmenn verkefnisins eru ekki á staðnum. Vinna þeirra er

umfangsmikil, reiknað er með þremur vinnudögum á viku sem héraðs-skrifstofan greiðir málamyndalaun fyrir.

Malaví

Verkefni um vatnsöflun og lífsviðurværi sjálfsþurftarbænda í Malaví sem hófst 2007 rennur út í lok árs. Framkvæmdaraðili er Evangelical Lutheran Development Service (ELDS). Árlegt framlag til verkefnisins nam 120.000 USD og hafa Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Hjálparstarfið skipt með sér kostnaði. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur greitt 60% og Hjálparstarfið 40% ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Verkefnið hefur verið unnið í Chikwawa-héraði, upphaflega í 35 þorpum en tvö bættust við á samningstímanum. Þetta eru 952 heimili þar af 45% undir stjórn kvenna, 32% undir stjórn karla og 23% eru heimili munaðarlausra barna. Markmið eru fimm; á sviði samstarfs við opinbera aðila, vatnsöflunar, meðferðar auðlinda, næringar, fæðuöryggis og skepnuhalds, HIV / alnæmis og kynbundins ofbeldis.

1. Að auka getu ólíkra opinberra aðila til að vinna að vatnsmálum – eftir leiðum sem virkja íbúa til að greina vatnstengd vandamál og finna sjálf-bærar lausnir.

Tveir fundir voru haldnir með opinberum starfsmönnum, þorpsleiðtogum og fólki í vatns- og hreinlætisnefndum með þátttöku 25 manns. Tilgangurinn var auk fræðslu að viðhalda góðri samvinnu þessara hópa. Tvö þjálfunarnámskeið voru haldin fyrir 20 manns í þróunarnefndum í fimm þorpum (10 karla og 10 konur). Fólkið lærði um lög og reglur um vatn og verndun þess. Það fékk þjálfun í leiðtogahlutverkinu sem það á að gegna með því að fræða og ýta undir hegðunarbreytingar. Tveir samráðs-fundir voru haldnir fyrir 32 opinbera starfsmenn og ýmsa sem koma að vatns-, heilsu og menntunarmálum (17 karla og 15 konur). Fimm starfsmenn ELDS fóru til Mangochi til að læra af starfsfólki Þróunarsamvinnustofnunar sem þar er með verkefni. Heimsóknin tókst vel enda hittist þar fólk sem var að vinna að sömu málum og þekkti bæði vanda og leiðir. Síðar á árinu tók starfsfólk ELDS við þremur gestum frá ÞSSÍ í þriggja daga heimsókn.

2. Bæta næringu fólks með því að útvega vatn fyrir skepnuhald og nota pumpur til áveitu fyrir allt að þrjár uppskerur í stað einnar.

Einni vélknúinni áveitu var komið á fót og 60 fótstignum pumpum. Þær þjónuðu 120 heimilum í sex þorpum (26 heimili munaðarlausra barna, 59 heimili einstæðra kvenna og 35 heimili sem karlar fara fyrir). Með því var hægt að veita vatni á nærri 20 hektara lands. Fótstignu pumpunum er komið niður við litlar stíflur, ár eða tjarnir og vatni dælt þaðan. Hver fjölskylda hefur þá um 0,2 hektara fyrir sig og á að geta fengið þrjár uppskerur eða um 150 kg af maís. Einnig hefur fólki verið kennt að búa til lífræn-



an bíómassa til að auka næringargildi jarðvegs. Það geta bændur gert milli uppskeru og næstu sáningar. Þannig nýta þeir tímann betur, vinna fram fyrir sig, í stað þess að vera iðjulausir eins og gjarnan tíðkast. Maís- og öðru grænmetisfræi af þurrkaþolnum tegundum var dreift til 200 heimila. Miklir þurrkar gerðu uppskeruna hjá mörgum að engu enda vörðu þurrkararnir óvanalega lengi. Hjálparstarfið styrkti verkefnið aukalega með 10.000 USD til að endurnýja fræbirgðir. 165 geitur komust í hendur nýrra eigenda, ýmist beint frá verkefninu eða frá þeim sem höfðu fengið áður og komnir voru með afkvæmi. Skylda er að gefa fyrsta afkvæmið einhverjum sem ekki á og margfaldast þannig áhrifin. Geiturnar éta ruður af uppskeru, gefa tað til áburðar, gefa tekjur óháð uppskeru og gera mataræði fjölbreyttara. 20 konur úr 10 þorpum fengu kennslu í meðferð og geymslu matvæla. Þær þjálfuðu svo aðrar 300 samtals. Þær lærðu einnig um næringarefni og samsetningu matar til að fjölskyldan fengi sem besta næringu. Árangur af þessum verkefnum er sá að fólk hefur fundið hjá sér frumkvæði, hefur getað orðið virkt og færara um að greina vanda og finna lausnir. Veikir, einstæðir og munaðarlausir hafa komist að í ákvörðunum er snerta þorpið og hafa vaxið í álitu með stuðningi verkefnisins. Konur gera sér betur grein fyrir mikilvægi sínu í samfélaginu með allri þeirri vinnu sem þær inna af hendi. Uppskeran og skepnuhald sem varð mögulegt með nægu vatni hefur skilað sér í betri heilsu ekki síst HIV/alnæmissmitaðra. Tekjur heimilanna hafa aukist og mörg þeirra geta nú keypt skólábúninga og bækur fyrir börn sín, sem hafa snúið aftur í skólann.

3. Afla vatns til að auka hreinlæti og bæta heilsu einkum HIV/alnæmissjúkra.

Árið 2009 komst aftur skriður á vatnsöflun. Hún hafði legið niðri vegna þess að skýrsluskil drógust og þar með greiðslur til verkefnisins. 15 nýir brunnar voru gerðir í jafnmörgum þorpum með um hundrað íbúa hvert. Jarðvegur er harður á svæðinu og þurfti að bora sem er umfangsmeira verk en þegar íbúar handgrafa. Til að hreint vatn nýtist sem best þarf fólk að tileinka sér nýja þekkingu á óhreinindum og smithættu. 30 kamar voru gerðir með 30 fjölskyldum. Þeir eru um leið sýnikennsla fyrir aðra og allir hvattir til að gera sér eigin kamar. Fjölskyldurnar fengu fræðslu og er uppálagt að miðla henni. Fólk gerir snilldarlega vaska og krana með brúsum sem bundnir eru upp. Hand- eða fótstveifar opna og loka fyrir vatnið. Undir grefur fólk holu og fyllir möl. Þannig verður ekki til pollur sem er kjörlendi verpanði skordýra. Brunnur í þorpinu dregur snarlega úr vinnuálagi á konum og stúlkum sem sækja nú vatnið um skemmri veg. Heilsan batnar í þorpinu og framleiðni verður meiri. Ekki síst hjálpar þetta HIV/alnæmissjúkum sem hafa veikt ónæmiskerfi.

4. Hjálpa fólki að safna vatni og hlúa að audlindinni.

220 litlir varnargarðar voru gerðir við 10 þorp til að stöðva rennsli yfirborðsvatns sem eyðir jarðvegi. Hver þeirra er 50 m á lengd og 1 m á hæð. 167 heimili tóku þátt. Verkefnið hjálpaði fólki að koma upp gróðrarstöðv-

um til að framleiða græðlinga. 450.000 græðlingum var plantað í kringum brunna og annað vatn til að festa raka í jarðvegi. Þannig er komið í veg fyrir að riginingarvatnið renni burt á yfirborðinu. Þessi verkefnisþáttur er endurtekinn á hverju ári í öllum þorpunum. Tré eru valin þannig að þau séu hraðvaxta og megi einnig nota sem eldsneyti. Það dregur úr ofnýtingu á náttúrulegum gróðri. Efni í alla fyrirhugaða vatnstanka fyrir tímabilið, var keypt árið 2008. Verið er að ljúka uppsetningu átta þeirra með jarðvinnu, þak- og rennulaðningu. Sérstakt framlag að upphæð 12.500 USD var veitt til að gera rannsókn á fýsileika borana á svæðinu. 24 tilraunaholur voru boraðar. Tíu eru nothæfar enn sem komið er en gert er ráð fyrir að holurnar geti þornað upp í þeim miklu þurrkum sem geisad hafa.

5. Auka jafnrétti og draga úr kynbundnu ofbeldi.

Til að auka jafnrétti er fræðsla um það tvinnuð inn í alla aðra þætti verkefnisins. Vinnuframlag kvenna er dregið fram í dagsljósið og sýnt fram á verðleika þess miðað við önnur störf. Valið er í nefndir verkefnisins þannig að bæði kyn eigi fulltrúa og bæði kyn komi að ákvarðanatöku. Konur og stúlkur eru orðnar merkjanlega fúsari til að taka þátt í verkefnum og hafa meira sjálfstraust. Með umræðum og samvinnu sjá karlarnir framlag þeirra í öðru ljósi. Í nefndum verkefnisins fæst reynsla á samvinnu kynjanna sem hefur skilað góðum árangri. Til að draga úr kynbundnu ofbeldi voru þjálfaðir leiðtogar í málaflokknum í hverju þorpi. Þorpsleiðtogar voru einnig fræddir og þjálfaðir til að taka á málum og veita þolendum stuðning. Fjórðungslegir fundir voru haldnir með þessu fólki en einnig voru almennir fræðslu- og umræðufundir um kynbundið ofbeldi. Ýmsar leiðir eru farnar til að miðla sjónarmiðum um jafnrétti. Leikrit eru vinsæl þar sem þau henta öllum, ungum, öldnum, læsum sem ólæsum. Þar er boðskapurinn að ofbeldi gegn konum eigi ekki að líða. Sjónar- eða vitundarvottum beri að stöðva ódæðismenn eða segja frá svo leiðtogar geti tekið á málum.

Framkvæmdaraðilar eru ánægðir með árangur þessa starfsárs. ELDS metur það svo að stjórnmalalegt umhverfi í landinu hafi skapað góðar aðstæður til að ná markmiðum verkefnisins. Íbúar hafi verið mjög áhugasamir og viljugir til að leggja á sig vinnu og læra. Svo hafi einnig verið um leiðtoga og opinbera starfsmenn sem fannst þeir læra og komast lengra í starfi sínu. Á móti komu miklir þurrkar sem ollu hungri og töfum á sumum þáttum verkefnisins. Einnig kom til starfsmannakreppa þar sem fjármáladeildinni var sagt upp og nýtt fólk ráðið. Mikill tími fór í að ná upp skýrslum og bókhaldi sem hafði áhrif á greiðslur frá Íslandi og samskipti milli landanna. Er það mat Hjálparstarfsins að verkefnið hafi verið unnið, það sé gott í sjálfu sér og þjóni markmiði sínu. Nú er síðasta samningsári verkefnisins að ljúka en vegna tafanna færast sumar framkvæmdir fram á árið 2011. Óvíst er um framhaldsstuðning ÞSSÍ vegna kreppunnar en ÞSSÍ hefur greitt 60% verkefnisins.

Mósambík

Árið 2009 var síðasta árið sem Hjálparstarf kirkjunnar styrkti verkefni á vegum Lútherska heimssambandsins í Mósambík eftir margra ára samstarf. Síðasti samstarfssamningur sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands var aðili að með 60% fjármögnun, tók gildi árið 2006 og rann út 2008. Hjálparstarfið ákvað að veita stuðning eitt ár í viðbót með 60.000 USD framlagi til að sporna við alnæmissmiti og áhrifum þess á samfélagið. Til að létta undir með sjúkum og einstæðum, eftir maka- eða foreldramissi, var framlaginu varið í að styrkja fæðuöryggi fólks og aðgang að vatni. Fólki var þjálfað til að reka litla atvinnustarfsemi og útvegaðar nýjar tegundir til aukinnar ræktunar. Auk forvarnarstarfs var fólki hjálpað til betri heilsu með aðstoð við að komast í HIV-próf og að fá lyf við alnæmi. Framlag Hjálparstarfsins var tiltölulega lítil hluti af stærra verkefni sem heldur áfram þótt Hjálparstarfið dragi sig í hlé frá Mósambík eftir áralangan stuðning.

Úganda

Síðasti samningur Hjálparstarfsins og Þróunarsamvinnustofnunar frá 2007 rann út 2009. Framlag til hans nam 142.142 USD á ári. ÞSSÍ greiddi 60% og Hjálparstarfið 40% ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Vegna krepunnar á Íslandi dró ÞSSÍ saman seglin og endurnýjaði ekki samninga. Hjálparstarfið hélt áfram stuðningi með 70.000 USD framlagi á liðnu starfsári. Samstarfs- og framkvæmdaraðilar eru tveir: Lútherska heimssambandið og sjálfstæð innlend samtök stofnuð upp úr starfi þess, Rakai Community Based Aids Organisation (RACOBAAO). Verkefnið er unnið í Rakai- og Sembabule-sveit og bænum Lyantonde. Markmið er að bæta lífskjör HIV/alnæmissmitaðra, aðstandenda og eftirlifenda sem líða fyrir sjúkdóminn. Leiðir að þessu eru:

- að byggja íbúðarhús, frístandandi eldhús með sparhlóðum, gera þvotta- aðstöðu við hvert hús og deila út helsta heimilisbúnaði.
- að bæta hreinlæti með því að reisa góða kamra.
- að auka aðgang að hreinu vatni til heimilisnota með því að koma upp söfnunartönkum fyrir rigningavatn.
- að auka vitund um hreinlæti og tengsl þess við góða heilsu.

Á verkefnasvæðinu leggst vatnsskortur og mikil útbreiðsla alnæmis á eitt um að gera fólki lífið afar erfitt. Margir eru fallnir frá og eftir standa munaðarlaus börn og aldnar ekkjur með barnabörn á framfæri sínu. Mikill tími fer í að hugsa um þá veiku. Langt er að sækja vatn þótt ekki sé nema til lágmarks daglegrar neyslu. Með vatnsskortum dregur úr persónulegu hreinlæti og sjaldan er þrifið. Óhreinlætið yfir undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar, fái allar umgangspæstir og sýkjast auðveldlega af sjúkdómum sem berast með óhreinu vatni. Kraftur til vinnu er lítil vegna veikinda og vannæringar. Tekjur eru að sama skapi litlar. Verkefnið felur í sér að útvega fólki boðleg íbúðarhús með allra helsta innbú. Einnig er gerð eldunaraðstaða og vatnstankur settur upp sem safn-

ar rigningarvatni af þakinu. Fólki er hjálpað til að afla tekna. Sjálfbóðaliðar og alnæmisráðgjafar tóku þátt í að velja fjölskyldur sem nutu góðs af verkefninu. Eftirfarandi var framkvæmt 2009 og í aftasta dálki eru markmið fyrir framlag Hjálparstarfsins fyrir árið 2010.

	Gert 2009	Alls á verkefnistíma	Markmið 2007-2009	Markmið 2010
Hús	15	42	42	8
Kamar	44	120	120	8
Vatnstankar	41	121	120	8
Eldhús	44	120	120	8
Þjálfun	22	51	48	0
Húsbúnaður	44	140	120	8
Eldhúsáhöld	51	119	120	8

Húsin eru einföld en þannig að þau endist vel. Þau eru fyrir börn, aldraða og veika og því ekki hægt að gera ráð fyrir að íbúar sinni miklu viðhaldi. Kamrar eru með steypu gólfi og af þeirri gerð sem loftar vel um til þess að skordýr verði ekki innlyksa í þeim og beri smit á milli manna. Kamrar eru gríðarlega mikilvægir fyrir allt hreinlæti. En það er fólki ný hugsun að nota kamra og hún tekur tíma að festast í sessi. Hreinlæti er stór þáttur í fræðslu og þjálfun. Fræðslufundir voru haldnir fyrir íbúa, þorpsleiðtoga og skóla-börn. Fólkið gerir einfalda vaska hjá kömrnum og koma fyrir sápu og þurrku. Vatnstankar safna vatni af bárujárnsþökum húsanna. Aðeins hefur borið á öfund nágranna sem ekki eru með í verkefninu. Oft tekst að leysa úr því með útskýringum á því af hverju viðkomandi var valinn til að fá aðstoð. Stundum skemma þeir þó vatnstankana eða stela úr þeim vatni. Verkefnið hefur því hvatt sitt fólk til að deila vatninu með öðrum jafnvel fyrir örlítið gjald. Ekki má þó taka eignarhaldið af fólkinu með því að gera vatnstanka að sameign því þá dregur úr hvata þess til að halda öllu við og nota vatnið. Af húsbúnaði og eldhúsáhöldum sem var dreift má nefna moskítónet, dýnur, hillur, vaskaföt, hreinlætisvörur, vatnsbrúsa, pönnur, potta, diska og bolla. Þessar aðgerðir hafa skilað þátttakendum miklum breytingum til hins betra. Fyrir utan áður nefnda óánægju nágranna kom fyrir að karlar hefðu hjálpað konum að byggja húsin í verkefninu og síðan hrakið börn þeirra í burtu og sjálfir flutt inn. Fólkið tekur alltaf þátt í vinnunni og ekki óeðlilegt að nágrannar hjálpi. En til að bregðast við þessu verður framvegis gefið út eignarskjal sem konur eða börn geta framvísað til að sanna eign sína og búseturétt.

Neyðaraðstoð

Í ár veitti Hjálparstarf kirkjunnar fjármunum til neyðaraðstoðar í fjórum löndum: Norður-Úganda, Indlandi, Haítí og Eþíópíu.

Norður-Úganda

Hjálparstarf kirkjunnar svaraði beiðni ACT um aðstoð við Norður-Úganda í september 2009. Framlag þess og utanríkisráðneytisins nam 12 milljónum króna. Verið var að hjálpa flóttafólki að snúa til síns heima eftir margra ára búsetu í búðum. Flóttamannabúðum á svæðinu var formlega lokað í mars 2010 svo mikið var í húfi að búa tímanlega í haginn fyrir fólk, með grunnþætti. Fjármunum var varið til brunnagerðar, fræðslu í jarðrækt, um sparnað og smálánastarfsemi, hreinlæti og heilsuvernd, til kaupa á fræjum og áhöldum og annars uppbyggingarstarfs á heimaslóðum.

Indland

Haustið 2009 urðu mikil flóð í ánni Krishna í Andhra Pradesh á Indlandi. Sameinaða indverska kirkjan, samstarfsaðili Hjálparstarfsins, sótti um styrk til að aðstoða 750 manns í nærliggjandi þorpum. Í kringum höfuðstöðvar samtakanna var talið að um 5.000 fjölskyldur þyrftu neyðaraðstoð. Hjálparstarfið svaraði beiðninni með 1.250.000 kr. framlagi til kaupa á eldunaráhöldum, rúmfatnaði og fötum. Þeir sem nutu voru valdir í samráði við þorpsleiðtoga. Aðstoðin var veitt á tveggja vikna tímabili.

Haítí

Jarðskjálfti reið yfir Haítí í janúar 2010. ACT-Alliance sendi strax út frumneyðarbeiðni sem Hjálparstarfið svaraði með 5 milljóna króna framlagi. Utanríkisráðuneytið lagði þá til 3 milljónir króna. Í mars veitti Hjálparstarfið aftur styrk til Haítí að upphæð 9,6 milljónir og utanríkisráðuneytið lagði til 10 milljónir. Heildarframlag á vegum Hjálparstarfsins var því 27,6 milljónir króna. Fyrir jarðskjálftann störfuðu fjórir ACT-aðilar að þróunarverkefnum á Haítí. ACT var því í góðri aðstöðu til að veita neyðaraðstoð strax eftir skjálftann. Að bjarga fólki úr rústum, hlúa að slösuðum, andlegri velferð barna, útvega vatn og næringu var meginverkefni fyrstu vikunnar. Við bættist að koma fólki í skjól með því að útvega því byggingarefni, setja upp klósett og hreinlætisaðstöðu og koma frárennsli í viðundandi farveg. ACT miðlaði sérfræðingum innan sinna vébanda til svæðisins til að vinna að öllum þáttum þess frá heildarmati á stöðunni, til framkvæmdar og gæðaeftirlits. Mikil áhersla var á áfallahjálp, ekki síst við börn.

Eþíópía

39.900 USD var varið til þess að kaupa skólamáltíðir í Jijiga-héraði í Eþíópíu. Miklir þurrkar höfðu geisað og uppskerubrestur orðið. Því var ákveðið að nota framlagið til að gefa börnum mat í skólanum og minnka um leið líkur á brottfalli.

Alheimsnet ACT

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mest af sinni neyðarhjálp í gegnum ACT-Alliance en einnig beint til samstarfsaðila á hverju svæði. Hjálparstarf kirkjunnar er einn eitt hundrað aðila að ACT-Alliance. Samtökin vinna að langtíma þróunaraðstoð og neyðarhjálp. ACT Alliance var stofnað 1. janúar 2010 upp úr ACT-International, Alþjóðaneyðarhjálp kirkna. ACT-Alliance er umfangsmeira, fæst nú einnig við þróunaraðstoð. ACT-Alliance vinnur í 130 löndum að því að bjarga lífi og styrkja samfélög í neyð og hjálpa þeim við uppbyggingu og þróun í kjölfar neyðar. ACT-aðilar hafa á að skipa 30.000 starfsmönnum og sjálfbodaliðum. Á ACT-skrifstofunni í Genf starfa 18 manns. Þeir afla nauðsynlegra upplýsinga frá hjálparsvæðum og miðla þeim til ACT-aðila. Þeir koma framlögum og sérhæfðu starfsfólki á leiðarenda og samræma aðgerðir. ACT-Alliance ver um 1,5 milljörðum dala á ári. ACT sér til þess að gæðastöðlum sé fylgt og að skýrslugerð, eftirlit og mat sé faglegt.

Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablaðið Margt smátt

Fréttablað Hjálparstarfsins Margt smátt kom út í október 2009 og júní 2010 og var sent til um 6.000 áskrifenda og styrktaraðila. Í tengslum við jólasöfnunina 2009 og páskasöfnun 2010 kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu og fór þannig á heimili landsmanna. Í blaðinu er fjallað um verkefni sem Hjálparstarfið tekur þátt í, málefni þróunarlanda og ýmislegt sem er á döfnni.

Heimsóknir til hópa

Farið hefur verið í heimsóknir á ýmsar stofnanir, í kirkjur og öll skólastig heimsótt frá leikskóla til háskóla til að kynna starfið í máli og myndum. Fræðsla meðal fermingarbarna fer fram í rúmlega 60 sóknum og er getið nánar annarsstaðar í skýrslunni.

Ljósmyndasýningar

Á aðventu var sett upp ljósmyndasýning í Hallgrímskirkju með myndum frá Indlandi og Súdan. Þema myndanna var annars vegar menntun og gildi hennar þegar brotist er úr fátækt og hins vegar konan, vinna hennar, undir- okun og örbirgð. Kristján Ingi Einarsson tók myndirnar á Indlandi í ferð með Hjálparstarfinu og myndir frá Súdan tók Paul Jeffrey, ljósmyndari ACT-Alliance. Myndir af flóttafólki í Angóla fræddu svo gesti í Kirkjubæ á Akureyri í desember.

Fair Trade

Fræðsla um sanngjörn viðskipti er fastur liður í fræðslu um verkefni Hjálparstarfsins. Auk þess er Fairtrade áhersluþema Breytanda árið 2010. Þá er dreift bæklingi um málefnið og það tengt lífskjörum þeirra sem Hjálparstarfið styður. Sjá nánar í kafla um Breytendur.

Erlent samstarf

Framkvæmdastjórafundur

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri sóttu norræna framkvæmdastjórafundinn sem að þessu sinni var haldinn í Sigtuna. Fundinn sækja einnig millistjórnendur eftir umræðuefnum hvers fundar. Þar eru rædd sameiginleg mál, afstaða tekin þegar það á við, skipst á upplýsingaefni og fleira.

Safnanir og fjáröflun

Fermingarbarnasöfnun 2009

Fermingarbörn um allt land gengu í hús 9. og 10. nóvember 2009 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Fyrir söfnunina, sem helguð er vatni, sáu börnin myndaseríu um munaðarlaus börn í Úganda og óhreina vatnið sem þau þurfa að drekka. Þau fengu einnig fræðslu um hjálpar- og þróunarstarf á vegum Hjálparstarfsins í Afríku. Þátttaka var mjög góð, 64 prestaköll voru með nú og börnin um 3.000. Söfnunin gekk einstaklega vel og safnaðist metupphæð 8,5 milljónir króna.

Jólasöfnun 2009

Í jólasöfnuninni 2009 var í fyrsta skipti send út valgreiðsla í heimabanka landsmanna og gíróseðlar aðeins til elstu kynslóðarinnar. Greiðslur runnu jafnt til innanlandsaðstoðar og verkefna erlendis. Inn á sameiginlegan jólareikning komu 28 milljónir króna. Þeir sem vildu styðja annað öðru fremur, gátu lagt inn á sérreikninga. Framlög, söfnunarfé og styrkir í desember námu yfir 100 milljónum króna.

Páskasöfnun fyrir Haítí 2010

Í ár var safnað fyrir neyðar- og uppbyggingarstarfi á Haítí í kjölfar jarðskjálfta 12. janúar. Strax eftir jarðskjálftann var opnað símanúmer og reikningsnúmer og söfnuðust á þremur vikum um 5 milljónir króna. Þar sem um gríðarlegan skaða var að ræða var ákveðið að helga páskasöfnun þessu málefni einnig. Send var út valgreiðsla í heimabanka landsmanna í annað sinn í sögu stofnunarinnar. Í páskablaði Hjálparstarfsins, sem birtist með Fréttablaðinu í mars, var fjallað ítarlega um ástandið á Haítí og hlutverk ACT – Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna. Valgreiðslan skilaði fleiri greiðslum en heimsendir gíróseðlar. 14,3 milljónir króna söfnuðust í páskasöfnuninni. Auk þess sendi Hjálparstarfið 13 milljóna króna framlag frá Utanríkisráðuneytinu.

Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is

Á vefsíðunni framlag.is getur fólk gefið til verkefna heima og að heiman eftir áhuga sínum. Síðan er góð viðbót við gjafabréfasíðuna gjofsemgefur.is sem er hugsuð í þeim tilgangi að gefa öðrum gjöf sem nýtist þriðja aðila. Síðan var uppfærð í vetur með nýju útliti á síðunni sjálfri og öllum gjafabréfunum. Mörg ný gjafabréf litu dagsins ljós og eru þau nú 35 talsins. Verð er frá 1.300 krónum upp í 150.000 krónur. Flestir gáfu geitur en

margir völdu einnig hlutdeild í brunni og að leysa börn á Indlandi úr skuldaánað. Innanlands vildu flestir styðja Framtíðarsjóðinn sem styrkir unglinga til að ljúka námi og öðlast réttindi eða komast í lánshæft nám.

Friðarljós

Friðarljós Hjálparstarfsins hafa verið til sölu í meira en 20 ár. Þau eru nú eingöngu framleidd í kertaverksmiðjunni Heimaey sem er verndaður vinnustaður. Er því tvöfaldur stuðningur af því að kaupa kertin. Friðarljós voru seld fyrir 9,7 milljónir á árinu.

Sóknir

Heildarframlag sókna nam 18,9 milljónum króna. Þar af voru 9,6 milljónir króna sérmerkt til hjálparstarfa innanlands. Aldrei fyrr hafa sóknirnar lagt svo háa upphæð til hjálparstarfa, þrátt fyrir niðurskurð á sóknargjöldum.

Félög, samtök og fyrirtæki

Stuðningur félaga, samtaka og fyrirtækja nam tugum milljóna. Mikið af því var stuðningur við innanlandaðstöðina. Gjafir í formi matvæla, skófatnaðar, spila og bóka hafa aldrei verið meiri. Þær eru metnar á um 8,5 milljónir króna.


Einstaklingar og hópar

Ófá börn komu við á skrifstofunni með afrakstur tombólu, annarra uppákoma eða eigin sparnaðar. Á leikskólanum Furugrund í Kópavogi söfnuðu börn, starfsfólk og foreldrar einnota umbúðum í umhverfi leikskólans í tvö ár. Þetta var liður í alþjóðlegu Comeniusarverkefni sem leikskólinn tók þátt í með leikskólum um allan heim. Á lokahátíð afhentu börnin 25.000 krónur sem renna til þess að sjá um 100 manns í Afríku fyrir vatni í mörg ár. Saumaklúbbar og fleiri hópar seldu kökur eða annað og gáfu afrakstur af því.


Aðrar fjáröflunarleiðir

Utan stóru safnananna safnar Hjálparstarfið fé eftir öðrum leiðum. Söfnunarsímar Hjálparstarfsins 907 2002 og 907 2003 eru sérstaklega nýttir í tengslum við skyndisafnanir í neyð. Söfnunarbaukarnir fyrir vatn í Afríku standa á kaffihúsum, í verslunum og fyrirtækjum víða um land. Sala minningarkorta hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Minningarkort má kaupa á www.help.is og á skrifstofunni. Sala á bókinni Velgengni og vellíðan sem Lýðheilsustöð gaf út og gaf Hjálparstarfinu til fjáröflunar hefur skilað nokkrum tekjum. Bókin hefur að mestu leiti verið seld í gegnum verslanir og ýmsa þjónustuaðila. Fyrir jólin átti Hjálparstarfið samstarf við fyrirtækið *Græna framtíð* og *Símann* um söfnun notaðra farsíma. Gert er við símana til endursölu í fátækum löndum. Andvirði allra síma sem söfnuðust vikurnar fyrir jól rann til þróunarverkefna Hjálparstarfsins.

Tekjur námu 303,1 milljón króna



251,6 milljónum varið til verkefna



Fjármál


Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 námu 303,1 milljón króna. Fjórar sérsafnanir voru á starfsárinu, söfnun fermingarbarbarna í nóvember, jólasöfnun, símasöfnun fyrir Haití og svo páskasöfnun sem einnig var tileinkuð fórnarlömbum jarðskjálftanna á Haítí. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Aukaframlög sóknanna í landinu vegna innanlandsstarfsins námu nær 10 milljónum og hafa aldrei verið hærrí. Hjálparstarf kirkjunnar hefur átt í góðri samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands um verkefni í Afríku og utanríkisráðuneytið styður neyðaraðstoð eftir atvikum.

Framlög til verkefna

126,5 milljónum var varið til þróunarverkefna og 37,3 milljónum til neyðarhjálp. 81,5 milljónum var varið til verkefna innanlands auk gjafamatvöru að áætluðu verðgildi um 8,5 milljónir króna. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 6,5 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 315,8 milljónum til verkefna og reksturs sem er heldur meira en heildartekjur stofnunarinnar á árinu. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 199 milljónum króna, hefur stofnunin skuldbundið sig til að greiða um 192,4 milljónir vegna langtímasamninga um erlend verkefni. Þróun spannar tíma og mikilvægt er að fólk geti reitt sig á Ʒerða samninga þótt á móti kunni að blása í fjársöfnun. Þá aðstæður útheimti meiri framlög til innanlandsverkefna eins og raunin hefur verið í ár.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 315,8 milljónum



Skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar byggir starfsemi sína á skipulagsskrá fyrir stofnunina. Henni stjórnar ráð 13 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla og sókna. Á þessu starfsári voru 72 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Enginn má sitja lengur en 6 ár samfleytt í fulltrúaráði. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori.

Ráðið kýs framkvæmdastjórn:

Þorsteinn Pálsson formaður
Gunnar Sigurðsson tölvufræðingur
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Varamenn:

Hrafnhildur Sigurðardóttir fyrrv. útibússtjóri
Elínborg Sturludóttir sóknarprestur

Stjórnin fundaði 9 sinnum á árinu. Hún ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk sem nú eru: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Helga Andrea Margeirsdóttir félagsráðgjafi í 60% starfi fram að því að hún hætti störfum fyrsta maí. Í hennar stað var ráðin Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi frá 1. júní. Atli Geir Hafliðason hafði umsjón með matarbúri, sölu Friðarljósa og fleiru. Anna M. Þ. Ólafsdóttir var verkefnastjóri í 75% starfi. Þorsteinn Valdimarsson er í 25% starfi við að leiða starf Breytanda – Changemaker.

Ný stefnumótun

Í ár var unnið að nýrri stefnumótun þar sem sú eldri rennur út 2010. Að verkinu kom stjórnin og þrír starfsmenn. Auk þess voru niðurstöður umræðna í hópi fulltrúa og starfsmanna nýttar. Páll Kr. Pálsson verkfræðingur var fenginn til að stýra vinnunni. Ákveðið var að endurskoða gildi, sýn og hlutverk og setja markmið aðeins til eins árs, í ljósi efnahagsaðstæðna. Stefnumótunin verður lögð fyrir aðalfund í september.

Fulltrúaráð og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup
Bergstaðastræti 75, 101 Reykjavík.
Sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá
stofnunarinnar

Skipaðir af kirkjuráði

Porsteinn Pálsson, Háteigsvegi 46,
105 Reykjavík, 2006, 568 1808,
thp@internet.is

Hrafnhildur B. Sigurðardóttir, Nesbala 20,
170 Seltjarnarnesi, 2005, 561 4641,
820 7691, nesbali@internet.is

Ingibjörg Pálmadóttir, Vesturgötu 32,
300 Akranesi, 2004, 568 0330, 864 0330,
velferd@simnet.is

Rannveig Sigurbjörnsd., Blásölum 22, 201
Kópavogi, 2006, 554 0187, 690 8340,
rannveigsi@simnet.is

Lóa Skarphéðinsdóttir, Sóltúni 13, 105
Reykjavík 2007, 842 4441,
loaskarp@simnet.is

Varamenn kirkjuráðs

Kristín Magnúsdóttir, Brúnavegi 6,
104 Reykjavík, 2006, 581 3429, 698 6961,
krisma@austurbaejarskoli.is

Guðbjörg M. Matthíasdóttir, Birkihlíð 17,
900 Vestmannaeyjum, 2007, 894 2312,
gmatt@isfelag.is

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Dúfa Sylvía Einarsdóttir, Beikihlíð 7,
105 Reykjavík, 2004, 553 8843, 868 1408,
dufase@simnet.is

Jón Trausti Jónsson, Laugarnesvegi 48,
105 Reykjavík, 2004, 553 1447,
rjupa@btnet.is

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Katla Kristín Ólafsdóttir, Heiðarhjalla 6,
200 Kópavogi, 2009, 554 1761,
katlacr@internet.is

Niels Árni Lund, Gvendargeisla 34, 113
Reykjavík, 2009, 555 2227,
niels.arni.lund@lan.stjr.is

Kjalarnesprófastsdæmi

Sr. Þórhallur Heimisson, Lækjargötu 5, 220
Hafnarfirði, 2009, 891 7562,
thorhallur33@gmail.com

Arndís Guðmundsdóttir, Viðarási,
Kjalarnesi, 116 Reykjavík, 2009, 561 5022,
arndisg@postur.is

Borgarfjarðarprófastsdæmi

Ragnheiður Guðmundsd., Ásfelli 2,
301 Akranesi, 2003, 892 1948, 431 2279,
ragnheih@simnet.is

Arna Einarsdóttir, Klettavík 5,
310 Borgarnes, 2004, 437 2155, 893 1597,
arnakk@simnet.is

Snæfells- og Dalaprófastsdæmi

Sr. Elínborg Sturludóttir, Helgugötu 13,
310 Borgarnesi, 2005, 847 1475,
elinborg.sturludottir@kirkjan.is

Sigrún J. Baldursdóttir, Hraunási 7,
360 Hellissandi, Vestfjarðarprófastsdæmi

Hulda Karlsdóttir, Miðstræti 17,
415 Bolungarvík, 2005, 456 7414,
863 3811, hulliman@live.com

Helga Friðriksdóttir, Miðtúni 33,
400 Ísafirði, 2007, 456 4017, 894 4017,
helgaf@snerpa.is

Húnavatns og Skagafjarðarprófastsdæmi

Úrsúla Árnadóttir, Hólabraut 30,
545 Skagaströnd, 2009, 869 1011,
ursula.arnadottir@kirkjan.is

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Sr. Guðmundur Guðmundsson,
Háalundi 11, 600 Akureyri,
2007, 897 3302,
gudmundur.gudmundsson@kirkjan.is

Stefán Guðlaugsson, Þórustöðum 4,
601 Akureyri, 2007, 462 7650,
fjarkinn@simnet.is

Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Örnólfur J. Ólafsson, Skútustöðum, 660
Mývatni, 2006, 860 2817, fridaddi@est.is

Finnur Baldursson, Lynghrauni 5, 660
Mývatni, 2006, 865 9775, finnurbald@
gmail.com

Austfjarðarprófastsdæmi

Sr. Þórey Guðmundsdóttir, Kolfreyjustað,
750 Fáskrúðsfirði, 2005, 457 1373,
thorey.gudmundsdottir@kirkjan.is

Sr. Sigurður R. Ragnarsson,
Blómsturvöllum 35, 740 Neskaupstað,
2005, 8969878,
sigurdur.runar.ragnarsson@kirkjan.is

Múlaprófastsdæmi

Gísli Guðmundsson, Kaldá,
701 Egilsstöðum, 2006, 471 1729,
894 1729, solgisli@gmail.com

Ástríður Kristinsdóttir, Laugavöllum 10,
700 Egilsstaðir, 2006, 471 1366, 863 6866,
vii@internet.is

Suðurprófastsdæmi

Hafsteinn Stefánsson, Túni II, 801 Selfossi,
2006, 482 1063, 862 1063, tun2@simnet.is

Örn Arnarson, Hólabraut 3, 780 Höfn,
2006, 478 1425, 866 6253, krusa@simnet.is

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Árbæjarsókn

Guðbjörg Helgadóttir, Álakvísl 60,
110 Reykjavík, 2007, 567 2304,
gudbjorg@holt.is

Breiðholtssókn

Anna Matthildur Axelsdóttir, Þangbakka 10,
109 Reykjavík, 2005, 530 1600, 863 3798,
amax@simnet.is

Digranessókn

Halldór Konráðsson, Hlíðarvegi 35,
200 Kópavogi, 2006, 564 1741, 866 7094,
hkth@simnet.is

Kársnessókn

Sigríður Sigfúsdóttir, Helgubraut 15,
200 Kópavogi, 2009, 564 1382, 891 8830,
helgubraut@simnet.is

Benedikt Vilhjálmsson, Kópavogsbraut 73,
200 Kópavogi, 2009, 554 3256, 820 7006,
bv@falkinn.is

Grafarvogssókn

Ingvar Haraldsson, Hverafold 23,
112 Reykjavík, 2004, 567 1312, 899 5025
ingvar@syslumenn.is

Hjallasókn

Svala Hafsteinsdóttir, Efstahjalla 1,
200 Kópavogi, 2006, 554 6998, 696 6998,
mbm@strik.is

Lindasókn

Ástríður Jónsdóttir, Núpaland 6,
201 Kópavogi, 2005, 867 2859, 588 8899,
asta@kfum.is

Jóhann Hafsteinsson, Túnbraut 11,
545 Skagaströnd, 2004, 616 6263,
johannh@hi.is

Hólabrekkusókn

Jón A. Björnsson, Hamrabergi 7,
111 Reykjavík, 2004, 557 5215, 692 6518,

Fellasókn

Birna Hjaltadóttir, Vesturbergi 177, 111
Reykjavík, 2004, 510 1000, 567 3201,
birna@bigfoot.com

Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir, Lindarseli 2,
109 Reykjavík, 2004, 557 6848, 868 4863,
lindarsel@simnet.is

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra Ássókn

Júliana Tyrfingsdóttir, Austurbrún 2,
104 Reykjavík, 2005, 553 2292, 847 7310
Sigríður Sigurbergisdóttir, Sæviðarsundi 19,
104 Reykjavík, 2005

Bústaðasókn

Gunnar Sigurðsson, Kvistalandi 13,
108 Reykjavík, 2004, 5814827, 824 1040,
gunnarsig13@gmail.com

Dómkirkjusókn

Sigurður Jónsson, Garðastræti 49,
101 Reykjavík, 2004, 551 4189, 899 4959,
sigjons@hi.is
Marinó Þorsteinsson, Vesturgötu 19, 101
Reykjavík, 2004, 552 5800,
marino.thorsteinsson@or.is

Grensásókn

Halldór Kristinn Pedersen, Fellsmúla 6,
108 Reykjavík, 2004, 568 7596, 899 8931
grensaskirkja@kirkjan.is
Gunnfríður K. Tómasdóttir,
Háaleitisbraut 147, 108 Reykjavík,
2005, 869 1583

Hallgrímssókn

Guðlaugur Gunnarsson, Þórsgötu 4,
101 Reykjavík, 2004, 562 1255, 820 6573,
guðlaugur.gunnarsson@landsbanki.is

Háteigssókn

Dúfa Sýlvía Einarsdóttir, Beikihlíð 7,
105 Reykjavík, 2004, 553 8843, 868 1408,
dufase@simnet.is

Helgi E. Helgason, Blönduhlíð 28,
105 Reykjavík, 2009, 552 3511, 899 9341,
helgi@ki.is

Nessókn

Benedikt Sigurðsson, Skildinganesi 21,
101 Reykjavík, 2004, 552 3242, 892 2168,
bennis@simnet.is

Langholtssókn

Heiður Þorsteinsdóttir, Nökkvavogi 39,
104 Reykjavík, 2004, 553 0661, 895 0661,
heia@mi.is
Guðrún Áslaug Einarsd., Eikjuvogi 28,
104 Reykjavík, 2007, 553 1929, 893 1929
runaeinars@hotmail.com

Laugarnessókn

Hörður Jóhannesson, Sigtúni 25,
105 Reykjavík, 2009, 553 1553, 843 1006,
hj@lra.is

Seltjarnarnessókn

Margrét Albertsdóttir, Bakkavör 5, 170
Seltjarnarnesi, 2009, 561 2696, 693 4707,
margret@islandia.is
Guðmundur Magnússon,
Valhúsabraut 4, 170 Seltjarnarnesi, 2009,
551 4258, stefnumid@visir.is,
gm@aberandi.is

Kjalarnesprófastsdæmi

Keflavíkurkirkja

Leifur Ísaksson, Heiðarholti 22,
230 Reykjanesbæ, 2008, 421 5181,
897 3895, leifisak@simnet.is

Suðurprófastdæmi

Ofanleitissókn

Steinunn Einarsdóttir,
Vestmannaþraut 36, 900 Vestmannaeyjar,
2004, 481 3208, steinaein@simnet.is
Guðbjörg Matthíasdóttir, Birkihlíð 17,
900 Vestmannaeyjar, 2006, 481 2312

Borgarfjarðarprófastsdæmi

Garðaprestakall

Sigríður Kr. Valdemarsdóttir,
Vesturgötu 105, 300 Akranesi, 2004,
431 1542, 861 1347, siggav@prentmet.is
Ragnheiður Grímsdóttir, Vogabraut 42,
300 Akranesi, 2004, 431 2058,
vogabraut@gmail.com

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn

Jón Oddgeir Guðmundsson, Glerárgötu 1,
600 Akureyri, 2004, 462 4301, 894 4301,
jonoddgeir@simnet.is

Lögmannshlíðarsókn

Svanhildur Bragadóttir, Huldugili 68,
603 Akureyri, 2005, 462 7525, 891 7525
Anna Gréta Baldursdóttir, Langholti 17,
603 Akureyri, 2005, 462 1017, 899 3213

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn

Óskar Jóhannsson, Grundargarði 5,
640 Húsavík, 2008, 899 2899, 464 1755,
oj@simnet.is, husavikurkirkja@simnet.is,

Skinnastaðasókn

Guðný María Sigurðardóttir, Ærlæk,
Öxarfjarðarhreppi, 671 Kópaskeri, 2004,
465 2235

Vallanesprestakall

Gísli Guðmundsson, Kaldá, Vallahreppi,
701 Egilsstöðum, 2005, 471 1729,
894 1729, solskogar@simnet.is



Heimasíða: www.help.is
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfing: www.changemaker.is